




Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð



**Efni: Tillögur um dagforeldraþjónustu**

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. október 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 3. október 2018, um innleiðingu tillagna úr skýrslu starfshóps um endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu í Reykjavík og skýrslan Endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu Reykjavíkurborgar, dags. í maí 2018:

Skóla og frístundaráð leggur til að ráðist verði í eftirtaldar aðgerðir til að efla dagforeldraþjónustu í Reykjavíkurborg.

1. Borgin leggi dagforeldrum til húsnæði til að starfa tveir og tveir saman. Í fyrsta áfanga verði lögð fram þrjú hús á þremur stöðum. Aðgerðin miðist við að einn starfandi dagforeldri og einn nýr starfi saman.
  2. Niðurgreiðslur til dagforeldra hækki um 15%.
  3. Veittur verði stofnstyrkur kr. 300.000 til nýrra dagforeldra. Skilyrði verði að dagforeldri starfi í a.m.k. 1 ár, annars komi til endurgreiðsla.
  4. Námsstyrkir og aukinn faglegur stuðningur við dagforeldra. Reykjavíkurborg hækki framlög sín til dagforeldra vegna grunnnámskeiða fyrir verðandi dagforeldra og greiði að fullu endurnýjun á slysavarnar- og eldvarnarnámskeiðum sem viðurkenndir fagaðilar halda.
  5. Ytra mat á daggæslu verði innleitt með vísan í gæðaviðmið sem þróuð hafa verið í samvinnu við félög dagforeldra. Borgin útvegi þeim dagforeldrum sem starfa einir öryggishnapp. Þjónustan verði boðin út til að tryggja hagstæðustu verð sem völ er á.
  6. Ríkari upplýsingagjöf um þjónustu dagforeldra. Gerð verði krafa til dagforeldra um ríkari upplýsingagjöf til foreldra um þjónustuna.
  7. Námsefni fyrir verðandi dagforeldra af erlendum uppruna. Reykjavíkurborg í samvinnu við velferðarráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga, hafi forgöngu um að námsefni á grunnnámskeiði vegna daggæslu verði þýtt á ensku og pólsku.
  8. Ráðgjöf og eftirlitsheimsóknir. Lagt er til að við endurskoðun á reglugerð um daggæslu verði eftirlit og þjónusta með dagforeldrum aukið. Heilbrigðiseftirlitið veiti starfsleyfi til daggæslu hvort sem um er að ræða að dagforeldri starfi eitt eða að tveir dagforeldrar starfi saman. Daggæsluráðgjafar á þjónustumiðstöðum fari að lágmarki í tvær heimsóknir á ári til dagforeldra, leiðbeini og veiti ráðgjöf.
  9. Fyrirvaralaus uppsögn. Reykjavíkurborg leiti leiða til að verja foreldra fyrir fyrirvaralausri uppsögn dagforeldra.
- Aðgerðirnar taki gildi 1. janúar 2019. Heildarkostnaður vegna þessara aðgerða er

áætlaður 60 m. kr., að undanskilinni aðgerð nr. 1, þar sem kostnaðarmat liggur ekki fyrir.

Tillögurnar voru samþykktar og vísað til borgarráðs.  
Framangreindu er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Með þeim aðgerðum sem samþykktar voru í dag er skotið sterkari stoðum undir dagforeldraþjónustuna í Reykjavík. Tilgangurinn er þríþættur, í fyrsta lagi að bæta rekstrarskilyrði starfandi dagforeldra, í öðru lagi að fjölga dagforeldrum og síðast en ekki síst að auka gæði og öryggi þjónustunnar. Niðurgreiðslur til dagforeldra hækka um 15% sem er meiri hækkun en dæmi eru um á liðnum árum. Tekinn er upp stofnstyrkur til nýrra dagforeldra, námsstyrkir eru hækkaðir og aukinn faglegur stuðningur við dagforeldra. Þá er gripið til ýmissa aðgerða til að auka öryggi, faglegt mat og eftirlit með þjónustunni auk þess að efla upplýsingagjöf til foreldra um þjónustu dagforeldra. Með aðgerðunum er lagður grunnur að því að þjónusta dagforeldra verði öruggari valkostur fyrir foreldra ungra barna samhliða þeirri kröftugu uppbyggingu á leikskólaþjónustu sem framundan er.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði fagna því að dagforeldrar og þeirra þjónusta verði eflað í Reykjavík. Biðlistar eru langir og kvíðavaldandi fyrir foreldra og ekki síður verðandi foreldra. Þjónusta dagforeldra er almennt vel metin meðal þeirra sem nota þjónustuna. Mikilvægt er að taka tillit til þeirra úrlausna sem bent var á í skýrslu starfshóps um endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu Reykjavíkurborgar. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks myndu þó vilja sjá hærri niðurgreiðslur, líkt og tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks gekk út á, svo foreldrar sitji allir við sama borð og einu gildi hvort barnið þeirra dvelji hjá dagforeldri eða í leikskóla.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundaráðs

Hjálagt:  
Tillaga meirihluta skóla- og frístundaráðs, ódags.  
Minnisblað sviðsstjóra, dags. 3. október 2018  
Dagforeldrahópur, lokaskýrsla

## **Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna varðandi dagforeldraþjónustu**

Skóla og frístundaráð leggur til að ráðist verði í eftirtaldar aðgerðir til að efla dagforeldraþjónustu í Reykjavíkurborg.

1. Borgin leggi dagforeldrum til húsnæði til að starfa tveir og tveir saman. Í fyrsta áfanga verði lögð fram þrjú hús á þremur stöðum. Aðgerðin miðist við að einn starfandi dagforeldri og einn nýr starfi saman.
2. Niðurgreiðslur til dagforeldra hækki um 15%.
3. Veittur verði stofnstyrkur kr. 300.000 til nýrra dagforeldra. Skilyrði verði að dagforeldri starfi í a.m.k. 1 ár, annars komi til endurgreiðsla.
4. Námsstyrkir og aukinn faglegur stuðningur við dagforeldra. Reykjavíkurborg hækki framlög sín til dagforeldra vegna grunnnámskeið fyrir varðandi dagforeldra og greiði að fullu endurnýjun á slysavarnar- og eldvarnarnámskeiðum sem viðurkenndir fagaðilar halda.
5. Ytra mat á daggæslu verði innleitt með vísan í gæðaviðmið sem þróuð hafa verið í samvinnu við félög dagforeldra. Borgin útvegi þeim dagforeldrum sem starfa einir öryggishnapp. Þjónustan verði boðin út til að tryggja hagstæðustu verð sem völ er á.
6. Ríkari upplýsingagjöf um þjónustu dagforeldra. Gerð verði krafa til dagforeldra um ríkari upplýsingagjöf til foreldra um þjónustuna.
7. Námsfni fyrir varðandi dagforeldra af erlendum uppruna. Reykjavíkurborg í samvinnu við velferðarráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga, hafi forgöngu um að námsfni á grunnnámskeiði vegna daggæslu verði þýtt á ensku og pólsku.
8. Ráðgjöf og eftirlitsheimsóknir. Lagt er til að við endurskoðun á reglugerð um daggæslu verði eftirlit og þjónusta með dagforeldrum aukin. Heilbrigðiseftirlitið veiti starfsleyfi til daggæslu hvort sem um er að ræða að dagforeldri starfi eitt eða að tveir dagforeldrar starfi saman. Daggæsluráðgjafar á þjónustumiðstöðum fari að lágmarki í tvær heimsóknir á ári til dagforeldra, leiðbeini og veiti ráðgjöf.
9. Fyrirvaralaus uppsögn. Reykjavíkurborg leiti leiða til að verja foreldra fyrir fyrirvaralausri uppsögn dagforeldra.

Aðgerðirnar taki gildi 1. janúar 2019. Heildarkostnaður vegna þessara aðgerða er áætlaður 60 m. kr., að undanskilinni aðgerð nr. 1, þar sem kostnaðarmat liggur ekki fyrir.





## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

*Efni: Innleiðing tillagna úr skýrslu starfshóps um endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu Reykjavíkurborgar.*

Á 141. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 27. júní 2018 var lögð fram skýrslan Endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu Reykjavíkurborgar, dags. í maí 2018. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs var falið að vinna áætlun um innleiðingu tillagna úr skýrslu starfshóps um endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu Reykjavíkurborgar.

Starfshópurinn lagði fram 11 tillögur í skýrslu sinni og meðfylgjandi er áætlun um innleiðingu 9 þeirra, að hluta eða öllu leyti.

Þetta eru tillögurnar:

1. Húsnæði vegna daggæslu í heimahúsum
2. Hækkun á niðurgreiðslum til dagforeldra
3. Stofnstyrkur
4. Námsstyrkir og aukinn faglegur stuðningur við dagforeldra
5. Ríkari upplýsingagjöf um þjónustu dagforeldra
6. Námsefni fyrir verðandi dagforeldra af erlendum uppruna
7. Ytra mat á daggæslu og öryggismál
8. Ráðgjöf og eftirlitsheimsóknir
9. Fyrirvaralaus uppsögn

Kostnaður við innleiðingu er 60,9 m.kr. á ársgrundvelli, auk óskilgreinds kostnaðar við tillögu 1.



## Endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu Reykjavíkurborgar – skýrsla starfshóps



Útgáfa: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2018  
Ábyrgðarmaður: Helgi Grímsson

Starfshópur um endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu Reykjavíkurborgar.

- Þórlaug Borg Ágústsdóttir, formaður hópsins
- Steinunn Hjartardóttir, starfsmaður hópsins
- Sigríður Marteinsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu SFS
- Guðný Ólafsdóttir, fulltrúi Barnavistunar
- Halldóra Björk Þórarinsdóttir, fulltrúi Barnsins
- Rakel Rán Sigurbjörnsdóttir, fulltrúi foreldra
- Arna Hrönn Aradóttir, daggæsluráðgjafi
- Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi
- Elín Norðmann, lögfræðingur á skrifstofu SFS



## Helstu tillögur starfshóps

Starfshópurinn leggur til eftirfarandi leiðir til að breyta og þróa starfssemi dagforeldra í Reykjavík:

### 1. Húsnæði vegna daggæslu í heimahúsum

Reykjavíkurborg stuðli markvisst að því að fjölga þeim dagforeldrum sem starfa tveir saman með því að bjóða þeim húsnæði til leigu undir starfseminum.

Farið verði í kynningarátak og auglýsingaherferð til að fjölga dagforeldrum með tilvísun til möguleika á húsnæði. Stefnt verði að hóflegu leiguverði og settar verða viðmiðunarreglur um úrvinnslu umsókna.

### 2. Hækkun á niðurgreiðslum til dagforeldra

- Lagt er til að niðurgreiðslur til dagforeldra hækki í áföngum þannig að kostnaður foreldra sem vista börn sín hjá dagforeldrum verði sambærilegri við það ef barn væri á leikskóla. Í fyrsta áfanga hækki niðurgreiðslurnar um 25% eða um 13.768 kr. á mánuði.

Viðbótarkostnaður á ári vegna hækkunar á niðurgreiðslu til foreldra miðað við 25% hækkun er 89.202.872 kr.

- Lagt er til að við 18 mánaða aldur hækki niðurgreiðslur til samræmis við gjöld sem foreldrar greiða í leikskólum borgarinnar. Þetta á við um þau börn sem dvelja hjá dagforeldrum og eru orðin 18 mánaða gömul.

Alls viðbótarkostnaður á ári 136.066.299 kr. \* Sjá frekari forsendur fyrir útreikningum í fylgiskjali.

### 3. Aðstöðustyrkur

Innleiddur verði svokallaður aðstöðustyrkur að upphæð 200.000 kr. á ári til að mæta kostnaði dagforeldra í Reykjavík vegna húsnæðis og aðbúnaðar í tengslum við starfseminum.

Alls viðbótarkostnaður á ári 28.000.000.

### 4. Stofnstyrkur

Til að ýta undir nýliðun í starfsstéttinni í Reykjavík og til að mæta kostnaði vegna aðlögunar á húsnæði og kaupa á nauðsynlegum aðbúnaði vegna starfseminnar verði greiddur stofnstyrkur til dagforeldra að upphæð 300.000 kr. á ári.

Ef miðað er við 12 nýja dagforeldra á ári er viðbótarkostnaður vegna stofnsstyrks 3.600.000 á ári.

### 5. Námsstyrkir og aukinn faglegur stuðningur við dagforeldra

- Framlag Reykjavíkurborgar vegna námskeiðsgjalds á grunnnámskeið fyrir verðandi dagforeldra hækki þannig að greiddur verði helmingur námskeiðsgjalds.

Kostnaður við niðurgreiðslu á grunnnámskeiði. Núverandi námskeiðskostnaður er

90.000 kr. Niðurgreitt um helming, 10 þátttakendur x 45.000 kr. samtals 450.000 kr á ári.

- b) Reykjavíkurborg greiði að fullu endurnýjun á slysavarnar- og eldvarnarnámskeiðum sem haldin eru af viðurkenndum og skilgreindum fagaðilum.

Kostnaður við skyndihjálparnámskeið með áherslu á slys og veikindi barna (endurnýjun) kostar 91.200 kr. fyrir allt að 15 manns. Ef þátttakendur eru allt að 30 er kostnaðurinn 114.700 kr.

Kostnaður vegna eldvarnarnámskeiða – Miðað við 20 þátttakendur kostar námskeiðið (2 klst) 70.000 kr.

- c) Dagforeldrum standi til boða aðgengi að símenntun og faglegu samstarfi við leikskóla. Þeir verði hvattir til að sækja um á eigin forsendum almenna styrki skóla- og frístundaráðs og einnig um styrki til þróunarverkefna, t.d. í samstarfi við leikskóla eða þjónustu- miðstöðvar með barnið í brennidepli.

## 6. Ríkari upplýsingagjöf um þjónustu dagforeldra

Til að mæta þörfum allra íbúa í borginni og vegna aukins fjármagns í málaflokkinn verði gerð krafa til dagforeldra um ríkari upplýsingagjöf til foreldra um daggæsluna sem birtist á heimasíðu.

## 7. Námsefni fyrir verðandi dagforeldra af erlendum uppruna

Reykjavíkurborg hafi forgöngu í samvinnu við velferðarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga um að námsefni á grunnnámskeiðið vegna daggæslu verði þýtt á ensku og pólsku.

## 8. Ytra mat á daggæslu og öryggismál

- a) Ytra mat

Ytra mat á daggæslu verði innleitt. Matið byggir á gæðaviðmiðum sem unnin voru í samráði við félög dagforeldra á árunum 2015-2016.

Matið verði kynnt dagforeldrum og foreldrum á fleiri en einu tungumáli.

- b) Öryggishnappur

Reykjavíkurborg geri kröfu um það að dagforeldrar séu með öryggishnapp tengdan þjónustuborði á öryggismiðstöð. Kostnaði við öryggishnapp verði mætt með styrk frá Reykjavíkurborg.

Öryggishnappur – Hjá Öryggismiðstöð er leigan á mánuði er 6.400 kr. (tilboð núna en annars er gjaldið 8.050). Ekkert gjald fyrir uppsetningu né fyrir útkall.

Hjá Securitas er leigan á mánuði er 8.020 kr. Uppsetning kostar 15.000 kr. (hnappar ekki samkvæmt læknisráði) en enginn kostnaður fyrir útkallið.

Kostnaður á ári miðað við leigu frá Öryggismiðstöð 896.000 kr.

### **9. Ráðgjöf og eftirlitsheimsóknir**

Hópurinn leggur til að við endurskoðun á reglugerð um daggæslu verði eftirlit og þjónusta með dagforeldrum aukin. Heilbrigðiseftirlitið veiti starfsleyfi til daggæslu hvort sem um er að ræða að dagforeldri starfi eitt eða að tveir dagforeldrar starfi saman.

Daggæsluráðgjafar á þjónustumiðstöðum fari að lágmarki í tvær heimsóknir á ári til dagforeldra, leiðbeini og veiti ráðgjöf.

### **10. Miðlæg innritun og tilraunarverkefni**

Farið verði af stað með tilraunarverkefni í einu eða fleiri hverfum borgarinnar þar sem dagforeldrum býðst að taka þátt í miðlægu innritunarkerfi þar sem starfsmenn

Reykjavíkurborgar sjá um að skrá börn sem bíða eftir dagvistun.

Reykjavíkurborg hrindi úr vör tilraunaverkefnum er tengjast tillögu er kom fram í skýrslu er nefnist Blíð byrjun og snýr að fyrirkomulagi daggæslu í heimahúsum í Danmörku.

Einnig er lagt til að skoðuð verði sú leið sem Finnar fylgja í málefnum yngstu barnanna.

### **11. Fyrirvaralaus uppsögn**

Reykjavíkurborg kanni hvernig hægt er að mæta fyrirvaralausri uppsögn hjá dagforeldrum.

## Efnisyfirlit

Formáli frá Þórlaugu B. Ágústdóttur formanni starfshópsins .....	7
Inngangur .....	7
Upplýsingar um dagforeldraþjónustu Reykjavíkurborgar .....	8
Greining á núverandi skipulagi út frá öryggi barna .....	9
Daggæsla barna í heimahúsum á Norðurlöndunum.....	10
Niðurstöður og tillögur.....	11
1. Útvegum húsnæðis í eigu borgarinnar .....	11
2. Hækkun niðurgreiðslu .....	11
3. Aðstöðustyrkur.....	12
4. Stofnstyrkur .....	13
5. Námsstyrkir og aukinn faglegur stuðningur við dagforeldra .....	13
6. Ríkari upplýsingagjöf um þjónustu dagforeldra .....	14
7. Námsfni fyrir verðandi dagforeldra af erlendum uppruna.....	14
8. Ytra mat á daggæslu og öryggismál .....	14
a) Ytra mat.....	14
a) Öryggishnappur.....	15
9. Ráðgjöf og eftirlitsheimsóknir.....	15
10. Miðlæg innritun – tilraunarverkefni.....	15
11. Fyrirvaralausar uppsagnir hjá dagforeldrum .....	16
Niðurlag.....	16
Heimildaskrá.....	18
Fylgiskjöl .....	19
Kostnaðaráætlun.....	20
Forsendur útreikninga vegna 18 mánað barna hjá dagforeldrum .....	21
Fundargerðir starfshóps .....	22

## Formáli frá Pórlaugu B. Ágúst dóttur formanni starfshópsins

Starfshópur um endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu í Reykjavík leggur fram róttækar og að mínu mati nauðsynlegar aðgerðir til að dagforeldrakerfið sé raunverulegur valkostur fyrir foreldra í borginni.

Dagforeldrakerfið hefur verið nær óbreytt frá því það var sett upp en þarfnast bæði endurskoðunar og aukins stuðnings í takt við breytta tíma, nýja þekkingu og vilja foreldra og dagforeldra. Í vinnu starfshópsins kom fljótlega í ljós að munur var á útgangspunkti í hugmyndafræði íslenska kerfisins í samanburði við hin Norðurlöndin þar sem fæðingarorlof er að jafnaði lengra. Í Finnlandi er t.d. litið á dagvistun ungbarna; vöggustofur, dagforeldra og ungbarnaleikskóla, sem hluta af *fyrsta skólastiginu*, þar sem málaflokkurinn heyrir undir menntamál en ekki velferðarmál líkt og á Íslandi. Vonandi verður sú nálgun höfð til fyrirmyndar við vinnu við endurskoðun á reglugerð um dagforeldraþjónustu í framtíðinni.

Það er mín von að þessi starfshópur og þær tillögur sem hann leggur fram bæti öryggi barna og einfaldi starf dagforeldra og að þær aðgerðir séu fyrstu skrefin að auknum stuðningi, svo dagforeldrakerfið sé raunverulegur kostur fyrir þá sem það kjósa fyrir börn sín eða sem starfsvettgang.

### Inngangur

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. janúar 2017 var sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs falið að stofna starfshóp í samstarfi við félag dagforeldra um endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu borgarinnar með það að markmiði að auka enn frekar gæði starfsins og öryggi barna í daggæslu.

Í hópnum ættu sæti fulltrúar félaga dagforeldra í Reykjavík, skóla- og frístundasviðs og daggæsluráðgjafa á þjónustumiðstöðvum. Hópurinn tæki mið af vinnu stýrihóps um að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla.

#### Helstu verkefni:

- Yfirfara fyrirbyggjandi upplýsingar um dagforeldraþjónustu Reykjavíkurborgar og afla nýrra eftir þörfum.
- Greina núverandi fyrirkomulag m.a. út frá öryggi barna.
- Taka mið af niðurstöðum starfshóps varðandi mat á daggæslu.
- Skoða með hvaða hætti daggæslu er háttað í nágrennalöndum.
- Skoða reglugerð um daggæslu, sem er í endurskoðun.
- Greina hvort breyting ætti að verða á aðkomu borgarinnar að rekstri daggæslunnar.
- Koma með tillögur að þróun dagforeldraþjónustu.

Starfshópurinn hóf störf í janúar 2018 og vann til maí 2018. Á þeim tíma fundaði hann samtals 9 sinnum. Formaður, verkefnastjóri á skrifstofu SFS og starfsmaður hópsins héldu einnig tvo vinnufundi.

## Upplýsingar um dagforeldraþjónustu Reykjavíkurborgar

Ekki hafa verið sett lög um daggæslu barna í heimahúsum en reglugerð um málaflokkinn hefur verið sett samkvæmt ákvæði 34. greinar laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og tekur til stjórnskipulags, fjölda barna og leyfisveitingar. Reglugerðin var endurskoðuð árið 2009 og á árinu 2016 var settur á laggirnar nýr starfshópur á vegum Velferðarráðuneytis til að endurskoða reglugerðina. Einn fulltrúi starfshóps SFS Sigríður Marteinsdóttir á sæti í starfshópi Velferðarráðuneytisins. Þess hópur hefur ekki skilað af sér.

1. apríl 2018 störfuðu 140 dagforeldrar í Reykjavík og hefur þeim fækkað síðustu ár, fyrst og fremst milli árána 2015 og 2016 en þeim fjölgað síðan lítillega á síðasta ári. Fjöldi barna með lögheimili í Reykjavík sem dvelja hjá dagforeldrum á sama tíma er 747 börn. Undanfarin ár hefur þeim dagforeldrum sem vinna tveir og tveir saman fjölgað og ljóst að fyrirkomulagið gefur góða raun að mati foreldra og dagforeldra. Slíkar starfsstöðvar eru nú 35 að tölu.

Könnun sem gerð var meðal dagforeldra 2016 sýndi að mikill meirihluti þeirra sótti sér stuðning til annarra dagforeldra og óska eftir meira samstarfi. Einnig hafði þorri dagforeldra áhuga á að sækja fræðslu eða ráðgjöf til leikskóla í sínu hverfi og eiga kost á því að nýta leikskólalóð fyrir börnin.

Í maí 2018 var framkvæmd viðhorfskönnun meðal foreldra barna hjá dagforeldrum um þjónustu dagforeldra í Reykjavík, en viðhorfskannanir hafa verið gerðar annað hvort ár frá árinu 2008. Yfirgnæfandi meirihluti foreldra voru ánægðir með þjónustuna, eða 87% (var 93% árið 2014 og 88% 2016).

77% foreldra fannst þeir hafa úr fáum dagforeldrum að velja og 69% hefði frekar kosið leikskólavist ef það hefði verið kostur, sem er talsverð hækkun frá síðustu könnunum.

Almenn ánægja var með flesta þætti í þjónustu dagforeldra, s.s. aðstöðu inni og úti, fæði, dagskipulag og vistunartíma. Þorri foreldra eða 82% voru mjög jákvæðir gagnvart því þegar tveir dagforeldrar vinna saman. Foreldrar voru óánægðastir með kostnað við daggæsluna, nær 47% prósent töldu hann of mikinn (var 40% 2016). Þá jókst óánægja foreldra með óvissu og óöryggi vegna tíðra frí- og veikindaga dagforeldra.

Flest börnin hófu vistun hjá dagforeldrum þegar þau eru 10 – 12 mánaða eða 46%. Hlutfallslega fleiri börn byrja eldri en 12 mánaða og hlutfallslega færri börn byrja yngri en 9 mánaða en í fyrri könnunum sem gefur til kynna að erfiðara er að komast að hjá dagforeldrum (en það getur líka endurspeglað val foreldra).

Langflestir eða 96% foreldra töldu að barnið þeirra væri glatt og liði vel í daggæslunni og voru ánægðir með móttökur barnsins að morgni og kveðjur í lok dags. Einna helst voru foreldrar óánægðir með upplýsingagjöf varðandi daglegt starf en samt einungis 17% hópsins. Ekki eru miklar breytingar frá árinu 2016.

Skóla- og frístundasvið sér um lögbundið eftirlit með daggæslu barna í heimahúsum í Reykjavík til samræmis við 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum, en þar kemur fram að félagsmálanefnd geti falið sérstökum starfsmanni að fara með eftirlit eða falið það verkefni umsjónaraðila.

Eftirlit með daggæslu í heimahúsum er þríþætt: Skil dagforeldra á yfirliti yfir skráð börn í gæslu, óboðaðar eftirlitsheimsóknir og könnun á viðhorfi foreldra til daggæslu.

Á þjónustumiðstöðvum velferðarsviðs starfa daggæsluráðgjafar. Þeir skulu fara í heimsóknir til dagforeldra til að veita ráðgjöf og stuðning, halda fræðslufundi og fundi með dagforeldrum og foreldrum barna ef þörf krefur. Einn daggæsluráðgjafi er starfandi á hverri þjónustumiðstöð velferðarsviðs. Annan hvern mánuð koma daggæsluráðgjafar til fundar við starfsfólk skrifstofu skóla- og frístundasviðs sem sinnir málefnum daggæslu þar sem farið er yfir málefni daggæslu í heimahúsi. Í fyrrnefndi foreldrakönnunum kemur fram að mati þriðjungu þeirra sem tóku þátt í könnuninni er eftirlit með starfsemi dagforeldra sé of lítið.

SFS vinnur samkvæmt verklagsreglu um eftirlitið byggða á reglugerð er segir til um þrjár eftirlitsheimsóknir á ári. Verklagið er reglulega endurskoðað, nú síðast á vorönn 2018. Starfshópnum var falið að fara yfir þá þætti verklagsreglunnar sem gerðar voru breytingar á. Breytingarnar taka fyrst og fremst mið af því að gera vinnubrögð eftirlitsaðila skilvirkari, m.a. með því að nýta tæknina betur varðandi skráningu barna hjá dagforeldrum, endurskoðun á reglum um eftirlitsheimsóknir og um hlutverk daggæsluráðgjafa. Drög að endurskoðuðu verklagi á eftirliti með daggæslu í heimahúsum voru lögð fyrir starfshópin til kynningar.

## Greining á núverandi skipulagi út frá öryggi barna

Þjónusta dagforeldra hefur verið algengasti valkostur í dagvistunarúrræði fyrir foreldra ungra barna undanfarna áratugi. Umgjörð/reglugerð hefur tekið litlum breytingum frá því að fyrsta reglugerðin um daggæslu í heimahúsum leit dagsins ljós árið 1992. Á síðustu árum hafa komið fram háværar kröfur um aukið öryggi barna hjá dagforeldrum og um fleiri valkosti, s.s. ungarnaleikskóla og fjölbreyttari faglegar áherslur.

Í fyrrnefndri viðhorfskönnun meðal foreldra barna sem dvelja hjá dagforeldrum kom fram að þorri þeirra telur jákvætt að dagforeldrar vinni tveir saman ekki sist vegna öryggisþátta. Könnunin leiddi einnig í ljós að rúmlega helmingur foreldra (60%) hefði heldur kosið leikskólapláss fyrir barn sitt hefðu þeir átt þess kost. Algengasta ástæða þess er að vistun í leikskóla er umtalsvert ódýrari en einnig nefndu foreldrar að þar færi fram meira faglegt starf með börnunum.

Það viðhorf hefur verið ríkjandi að þjónusta dagforeldra sé fyrst og fremst gæsla og umönnun og endurspeglast það viðhorf með ýmsum hætti, þar með talið í núverandi reglugerð og í þeirri ákvörðun borgaryfirvalda að greiða mun minna með hverju barni í formi niðurgreiðslu á dvalargjaldi hjá dagforeldrum en það sem greitt er með hverju barni í leikskóla. Að mati starfshópsins er ekki hægt að segja að foreldrar hafi raunverulegt val um dagvistunarúrræði fyrir börn sín á meðan upphæðin sem yfirvöld greiða til þessarra tveggja dagvistarúrræða er mishá.

Á sama tíma og niðurgreiðsla með einu barni er eins lág og raun ber vitni er allt sem hvetur til þess að dagforeldri taki eins mörg börn og leyfi er fyrir, þ.e. 4-5 börn. Með því að hækka niðurgreiðslu með hverju barni þannig að greiðslan sé sambærilegri þeirri upphæð sem greitt er fyrir barn í leikskóla skapast svigrúm fyrir dagforeldra til að hafa sömu afkomu með 3 – 4 börnum og nú með 5 börnum. Það að fækka börnum í fjögur í fimm væri í samræmi við fjölda barna á starfsmann í ungarnaleikskólum sem myndi síðan skila sér í auknu öryggi og bættri umönnun.

Starfandi félög dagforeldra í Reykjavík hafa lagt sig fram um að bæta ímynd og auka öryggi hjá dagforeldrum. Könnun sem gerð var meðal dagforeldra 2016 styður við ofangreind viðhorf og

sýndi jafnframt að mikill meirihluti þeirra sækir sér stuðning til annarra dagforeldra og vilja þeirra fyrir frekara samstarf. Einnig hafði þorri dagforeldra áhuga á að sækja fræðslu eða ráðgjöf til leikskóla í sínu hverfi og eiga kost á því að nýta leikskólalóð fyrir börnin.

Vinumarkaðsrannsóknir hafa ítrekað sýnt að samskipti við kollega, símenntun og faglegur metnaður helst í hendur við starfsánægju og hversu lengi fólk helst í ákveðnu starfi. Dagforeldrar sem starfa með öðrum og taka þátt í eigin endurmenntun eru almennt ánægðari í starfi og vinna lengur í greininni en aðrir. Gögn benda einnig til þess að stuðningur og þjálfun í upphafi starfs skipti miklu máli fyrir framhaldið, það sýnir mikilvægi þess að þeir sem eru að hefja störf sem dagforeldrar fái stuðning frá daggæsluráðgjöfum borgarinnar og eigin fagfélagi.

## Daggæsla barna í heimahúsum á Norðurlöndunum

Í erindisbréfi fyrir starfshópin er óskað eftir því að skoðað verði með hvaða hætti daggæslu í heimahúsum er háttað í nágrannalöndum.

Tengslamyndun ungbarna við foreldra er mjög mikilvæg og til að styðja við þau tengsl hafa hin Norðurlöndin boðið foreldrum töluvert lengra fæðingarorlof en tíðkast hefur á Íslandi. Þar er lögbundinn réttur barna til dagvistunar frá tilteknum aldri sem helst í hendur við rétt foreldra til fæðingarorlofs. Því er ekki að heilsa á Íslandi þar sem engin algild regla eða lög kveða á um hvenær stuðningur hins opinbera við foreldra til að annast ung börn sín hefst.

Starfshópurinn skoðaði fyrirkomulag daggæslu ungra barna á Norðurlöndunum og er sú yfirferð rakin í fylgiskjölum með skýrslu.

Má segja að það fyrirkomulag sem höfðaði mest til starfsmanna hópsins hafi verið það finnska, en finnska leiðin býður upp á margvísleg úrræði á sama tíma og litið er á daggæsluna sem fyrsta skólastig barnsins, þar sem uppeldisleg og öryggissjónarmið ráða för. Finnska dagvistunarkerfið er hluti af heildarstefnu Finna um menntun og velferð barna og fellur málaflokkurinn í heild undir stjórn menntamála, sem fyrsta skólastigið, ólíkt því sem hefur tíðkast á Íslandi, þar sem litið er á daggæslu sem umönnunarstarf og fellur málaflokkurinn undir Velferðarráðuneytið. Hér sem víðar í menntamálu, getum við Íslendingar lært mikið af fordæmi Finna.

## Reglugerð um daggæslu

Velferðarráðuneytið setti á fót nefnd um endurskoðun á reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum í byrjun árs 2016. Nefndin var ásátt um að sett yrði fram skýr stefna sem unnið yrði eftir og allar tillögur til aðgerða og breytinga munu byggja á og eiga stoð í. Stefnan mun byggja á heildasýn um velferð og mannréttindi barna, stuðla að þátttöku foreldra ungra barna á vinnumarkaði með því að börnum þeirra sé búinn góður aðbúnaður hjá dagforeldrum, auk þess að hefja störf dagforeldra til vegs og virðingar.

Á fundi nefndarinnar voru fengnir aðilar sem tengjast daggæslu með einum eða öðrum hætti, s.s. fulltrúa foreldra og fulltrúa frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur en til sendur að setja í reglugerð að úttekt á húsnæði með m.t.t. öryggis verði í höndum heilbrigðisfulltrúa og Herdís Storgaard kynnti öryggishandbók. Kostnaður við öryggishandbók yrði nokkur og ekki ljóst hvaðan þeir fjármunir kæmu. Einnig vor fulltrúar frá tryggingafélögum boðaðir til fundar.



Nefndin fundaði reglulega til vors 2016 og hóf síðan störf að nýju eftir áramót 2017 og fundaði til vors sama ár. Lágu þá fyrir drög að skýrslu og tillögur sem byggja að mestu á núverandi fyrirkomulagi dagvistunarmála, en talsvert er þó enn órætt.

Í drögunum voru ekki gerðar breytingar á hámarksfjölda barna sem voru vonbrigði þar sem fulltrúi SFS hafði lagt áherslu á að það ákvæði væri sett inn að miða við barngildi leikskóla skv. stefnu borgarinnar. Að sögn formanns nefndarinnar telur ráðuneytið sig ekki geta gert breytingar á reglugerðinni sem fela í sér kostnaðarauka án samráðs og vilja Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nefndin hefur ekki fundað frá vori 2017.

## Niðurstöður og tillögur

Mikil eftirspurn er eftir þjónustu dagforeldra og grípa þarf til róttækra aðgerða til að þeim haldi ekki áfram að fækka. Er það von starfshópsins að tillögurnar sem hann leggur til verði stórt skref í þá átt afstýra frekari flóttu úr starfsstéttinni, laði að nýja dagforeldra og styrki þá faglega.

### 1. Útvegum húsnæðis í eigu borgarinnar

Húsnæðiskostnaður og aðgengi að viðeigandi húsnæði hefur reynst dagforeldrum erfiður. Til að gera starfið auðveldara og bæta aðgengi barna að leikvöllum borgarinnar mun Reykjavíkurborg setja upp húsnæði sem dagforeldrum býðst að leigja.

Reykjavíkurborg hefur séð um uppsetningu leikvalla um alla borg og á nokkrum stöðum hefur dagforeldrum boðist að leigja húsnæði sem er þar til staðar, s.s. húsnæði á aflögðum gæsluleikvöllum og skólagarðahús. Þetta leigufyrirkomulag hefur gefist afskaplega vel og vill borgin bjóða þá lausn sem víðast um borgina og setja upp húsnæði gagnert til þess að leigja dagforeldrum.

Starfshópurinn leggur til að borgin haldi áfram að útvega húsnæði fyrir starfsemi dagforeldra. Eitt af skilyrðunum fyrir því að dagforeldrar leigi þetta húsnæði verði að þeir starfi tveir saman. Á þann hátt verður öryggi barna einnig betur tryggt. Stefnt verði að hóflegu leiguverði og viðmiðunarreglur verða settar um úrvinnslu umsókna.

Farið verði nú þegar af stað með auglýsingaherferð til þess að ná fram þessum markmiðum.

### 2. Hækkun niðurgreiðslu

Foreldrar hafa ítrekaðar gert athugasemdir við að þeir sitji ekki við sama borð þegar kemur að niðurgreiðslum, þar sem foreldrar barna sem fá inni á ungbarnaleikskóla greiða lægsta gjaldið, foreldrar með börn hjá dagforeldrum greiða um tvöfalt það gjald á meðan enn aðrir fá ekki gæslu og verða jafnvel af vinnu og framfærslu vegna þess.

Ef borin eru saman heildarútgjöld fyrir barn á leikskóla (12 mán. - 3 ára) sem er 291.771 kr. á mánuði miðað við 8.0 klst. dvöl. Samkvæmt upplýsingum frá fulltrúum dagforeldra-félaganna í starfshópnum greiða foreldrar að meðaltali 70.000 kr. með barn í vistun á mánuði.

Niðurgreiðslan frá Reykjavíkurborg er 55.072 kr. á mánuði fyrir 8 klst. vistun. Samanlagður kostnaður er samtals 125.072 kr. mánuði. Mismunurinn er þá 166.072 kr.

## Mismunur á heildarútgjöldum fyrir barn í leikskóla og barn hjá dagforeldra

Heildarkostnaður við yngstu börnin í leikskólum	291.771
Heildarkostnaður við börn hjá dagforeldrum	125.072
<b>Mismunur</b>	<b>166.699</b>

Til að gæta jafnræðis og til að daggæsla verði raunverulegur valkostur við leikskólavistun þarf að hækka niðurgreiðslu til dagforeldra umtalsvert.

Til að byrja með er lagt til að niðurgreiðslan hækki um 25% eða um 13.768 kr. á mánuði. Samhliða áframhaldandi hækkun á niðurgreiðslum verði skoðaður í samráði við félög dagforeldra möguleiki á þjónustusamningi milli dagforeldra og Reykjavíkurborgar.

Miðað við niðurgreiðslu vegna 8 klst. á dag			
	Flokkur 1 Var	Flokkur 1 verður	Hækkun
25% hækkun	55.072	68.840	13.768
50% hækkun	55.072	82.608	27.536
75% hækkun	55.072	96.376	41.304
85% hækkun	55.072	101.883	46.811
	Flokkur 2 var	Flokkur 2 verður	Hækkun
25% hækkun	75.408	94.260	18.852
50% hækkun	75.408	113.112	37.704
75% hækkun	75.408	131.964	56.556
85% hækkun	75.408	139.505	64.097

b) Lagt er til að við 18 mánaða aldur hækki niðurgreiðslur til samræmis við gjöld sem foreldrar greiða í leikskólum borgarinnar. Þetta á við um þau börn sem dvelja hjá dagforeldrum og eru orðin 18 mánaða gömul.

Forsendur	Verð
Áætluð meðalniðurgreiðsla til dagforeldra	58.863
Heildargjald dagforeldra (áætlað)	128.863
Hlutur foreldra	70.000
Niðurgreiðslur til dagforeldra þyrftu að hækka um	47.559
Áætlað meðalgjald foreldra á leikskólum í borginni	22.441

Alls viðbótarkostnaður á ári 136.066.299 kr. \* Sjá frekari forsendur fyrir útreikningum í fylgiskjali.

### 3. Aðstöðustyrkur

Fulltrúar dagforeldra í starfhópnum tóku saman kostnaðarliði vegna reksturs starfseminnar miðað við 5 börn í gæslu og lögðu fram yfirlit yfir stofnkostnað og mánaðarlegan kostnað við reksturinn. Sjá fylgiskjal.

Til að koma til móts við rekstrarkostnað dagforeldra leggur starfshópurinn því til að tekin verði upp svokallaður aðstöðustyrkur. kr. 200.000 á ári.

Aðstöðustyrkur	Á ári
Áætlaður fjöldi dagforeldra	140
Áætlaður aðstöðustyrkur	200.000
<b>Kostnaður við aðstöðustyrk</b>	<b>28.000.000</b>

#### 4. Stofnstyrkur

Til að ýta undir nýliðun í starfsstéttinni í Reykjavík og til að mæta kostnaði vegna aðlögunar á húsnæðinu og kaupa á nauðsynlegum aðbúnaði vegna starfseminnar verði greiddur stofnstyrkur til dagforeldra að upphæð 300.000 kr. á ári.

Stofnstyrkur	Á ári
Áætlaður fjöldi dagforeldra	12
Áætlaður aðstöðustyrkur	300.000
<b>Kostnaður við stofnstyrk</b>	<b>3.600.000</b>

#### 5. Námsstyrkir og aukinn faglegur stuðningur við dagforeldra

- a) Framlag Reykjavíkurborgar vegna námskeiðsgjalds á grunnnámskeið fyrir verðandi dagforeldra hækki þannig að greiddur verði helmingur námskeiðsgjalds.

Eitt af skilyrðunum fyrir því að fá leyfi til þess að starfa sem dagforeldri er að umsækjandi hafi lokið grunnnámskeiði, sem síðustu ár hefur verið haldið í samvinnu við Námsflokka Hafnarfjarðar. Reykjavíkurborg hefur greitt styrk að upphæð 30.000 kr. sem hluta af heildargreiðslu námskeiðsins sem hefur verið 90.000 kr.

Lagt er til að framlag Reykjavíkurborgar hækki og greiddur verði helmingur námskeiðsgjalds hverju sinni.

- b) Reykjavíkurborg greiði að fullu endurnýjun á slysavarnar- og eldvarnarnámskeiðum sem haldin eru af viðurkenndum og skilgreindum fagaðilum.

- c) Aukinn faglegur stuðningur við dagforeldra.

Samskipti við kollega og endurmenntun skiptir miklu fyrir starfsánægju fólks, dagforeldra sem og annarra. Til að stuðla að aukinni faglegri þekkingu og starfsánægju dagforeldra mun Reykjavíkurborg í samvinnu við félög dagforeldra, kanna leiðir til að auka úrval á símenntun og aðkomu dagforeldra að símenntun og fræðslu fyrirleikskólakennara sem haldnir eru á vegum Reykjavíkurborgar.

Skoðaðir verði möguleikar á aðkomu dagforeldra að samstarfsverkefnum og að sækja um styrki til þróunarverkefna á vegum skóla- og frístundaráðs, t.d. í samstarfi við leikskóla

eða þjónustumiðstöðva með barnið í brennidepli. Einnig verði skoðað hvort hægt verði að tilnefna dagforeldra til hvatningarverðlauna skóla- og frístundaráðs.

#### **6. Ríkari upplýsingagjöf um þjónustu dagforeldra**

Til að mæta þróun Reykjavíkurborgar sem fjölmenningsleg borg og auknu fjármagni frá Reykjavíkurborg til starfseminnar verði gerð krafa um ríkari upplýsingagjöf til foreldra um daggæsluna sem birtist á heimasíðu. Útfærslan verði þannig að hvert dagforeldri geri ferilskrá, lýsingu á starfsemi sinni og aðstöðu sem Reykjavíkurborg bæri ábyrgð á að birta. Tryggja þarf að foreldrar af erlendum uppruna sem ekki hafa fullt vald á íslensku hafi aðgang að upplýsingum á foreldravef Reykjavíkurborgar um fyrirkomulag daggæslu í Reykjavík og hvaða gæða- og uppeldisviðmið eru höfð að leiðarljósi í starfseminni (á a.m.k. ensku og pólsku).

#### **7. Námsefni fyrir verðandi dagforeldra af erlendum uppruna**

Undanfarin ár hefur aukist áhugi fólks með annað tungumál en íslensku á að gerast dagforeldrar, á sama tíma og hópur barna og foreldra með annað móðurmál en íslensku stækkar. Tryggja þarf að þeir aðilar sem ekki hafa fullt vald á íslensku geti gerst dagforeldrar innan núverandi kerfis og fái til þess stuðning.

Boðið verði upp á kynningarefni og skriflegt námskeiðsefni fyrir verðandi dagforeldra á ensku og pólsku, auk þess sem kannaður verði möguleiki á túlkajónustu fyrir erlenda þátttakendur á grunnnámskeiði dagforeldra.

Lagt er til að Reykjavíkurborg hafi forgöngu í samvinnu við velferðarráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga um að námsefni á grunnnámskeiðið vegna daggæslu verði þýtt á ensku og pólsku.

#### **8. Ytra mat á daggæslu og öryggismál**

##### **a) Ytra mat**

Starfshópurinn leggur til að ytra mat á daggæslu verði innleitt. Matið byggir á gæðaviðmiðum sem unnin voru í samráði við félög dagforeldra á árunum 2015-2016.

Á árunum 2015-2016 var starfandi hópur á skóla- og frístundasviði sem lagði drög að gæðaviðmiðum um daggæslu í heimahúsum. Gæðaviðmið sem unnin höfðu verið fyrir starfsemi leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva voru lögð til grundvallar. Markmiðið með slíkum viðmiðum er að auka gæði þjónustu við börn í Reykjavík og gæta þess að jafnræði sé í umhverfi þeirra og umönnun. Gæðaviðmiðin voru þróuð í góðu samstarfi við dagforeldra.

Á fundi framkvæmdastjórnar SFS veturinn 2017 var í fyrsta sinn kynnt mat á þjónustu sem gert hafði verið í tilraunarskyni hjá nokkrum dagforeldrum í Reykjavík. Framkvæmdastjórn lýsti yfir ánægju sinni með matið og lagði til að stafshópur um breytingar og þróun þjónustu dagforeldra sem var að hefja störf tæki að sér að meta í hvers höndum framkvæmd ytra mats hjá dagforeldrum yrði best fyrir komið.

Starfshópurinn fór yfir bæði kosti og galla við það að hafa framkvæmdina annarsvega hjá matsaðilum á skrifstofu SFS, á þjónustumiðstöðvum eða í samstarfi matsaðila á skrifstofu og daggæsluráðgjafa á þjónustumiðstöð.

Tillaga starfshópsins er sú að framkvæmd ytra matsins verði í höndum daggæsluráðgjafa á þjónustumiðstöð og eins matsaðila á skrifstofu. Eftirfylgd matsins verði í höndum daggæsluráðgjafa á þjónustumiðstöð nema í þeim tilvikum þegar mál koma upp sem falla undir 36. og 37. grein í reglugerðar um daggæslu í heimahúsum.

a) Öryggishnappur

Þegar skoðaðar eru kannanir á ánægju foreldra og dagforeldra með dagforeldrakerfið er skortur á öryggi það atriði sem flestir nefna. Dagforeldrar sem starfa með 4-5 ungbörn bera mikla ábyrgð og þurfa að vera viðbúinir allskyns óvæntum atvikum. Þegar einungis einn fullorðinn er á staðnum og neyðarástand skapast getur myndast sú staða að dagforeldrið þurfi bæði að sinna því óvænta, kalla eftir aðstoð og sinna öðrum börnum á staðnum. Þá skiptir máli að hjálpin berist hratt og það sé einfalt að kalla hana til.

Starfshópurinn leggur til að gerð verði krafa um að allir dagforeldrar fái öryggishnapp sem tengdur sé við neyðarþjónustu á meðan dagforeldrar eru að störfum. Farið verður fram á að félög dagforeldra í Reykjavík geri samning við öryggisgæslumiðstöðvar og á móti greiði borgin kostnaðinn sem af því hlýst.

## 9. Ráðgjöf og eftirlitsheimsóknir

Núverandi verklag á heimsókn daggæsluráðgjafa er að þeir boða heimsóknir einu sinni á ári í samráði við dagforeldra. Starfshópurinn leggur til að heimsóknir daggæsluráðgjafa verði tvær á ári og að heimsóknir verði unnar í samræmi við sett gæðaviðmið um daggæslu. Auk þess fari daggæsluráðgjafar í óboðaðar í heimsókn til dagforeldra sé talin ástæða til, enda í samræmi við gildandi reglugerð.

Lagt er til að Heilbrigðiseftirlitið gefi út starfsleyfi í tengslum við frumleyfi um daggæslu í heimahúsum. Fulltrúi SFS í starfshópi ráðuneytisins um endurskoðun á reglugerð um daggæslu mun koma þessu atriði á framfæri.

## 10. Miðlæg innritun – tilraunarverkefni

Farið verði af stað með tilraunarverkefni í einu eða fleiri hverfum borgarinnar þar sem dagforeldrum býðst að taka þátt í miðlægu innritunarkerfi þar sem starfsmenn Reykjavíkurborgar sjá um að skrá börn sem bíða eftir dagvistun. Markmiðið með verkefninu er að koma til móts við foreldra við að innrita börn sín hjá dagforeldrum. Með því að bjóða dagforeldrum og foreldrum að taka þátt í miðlægru innritun er hægt að spara foreldrum og dagforeldrum tíma auk þess sem daggæsluráðgjafar og Reykjavíkurborg fá með slíku fyrirkomulagi nauðsynlegar upplýsingar um raunverulegan fjölda barna á biðlista eftir dagvistun.

Daggæsluráðgjafi hafi einskona biðlista hjá sér og veitir foreldrum upplýsingar um hvar laus pláss eru að finna í hverfinu. Þjónustumiðstöðin yrði þá einskona milligönguaðili milli foreldra í leit að pláss hjá dagforeldri. Ef vel gengur með verkefnið er stefnt að því að bjóða öllum dagforeldrum borgarinnar að taka þátt í slíku fyrirkomulagi.





Í skýrslu, starfshóps er nefnist *Blíð byrjun* frá janúar 2012, komu fram margvíslegar tillögur sem stefna að bættri aðstöðu ungra barna og fjölskyldna þeirra. Ein tillagan beindist að því að fara í tilraunaverkefni er varðar daggæslu að fyrirmynd Dana.

„Lagt er til að Reykjavíkurborg fari af stað með tilraunaverkefni í daggæslu barna í heimahúsum. Horft verði til kerfis sem hefur gefist vel í Kaupmannahöfn undir kjörorðinu *Giv dit barn en stressfri start*, en boðið er upp á fjögur mismunandi form daggæslu barna í borginni, m.a. daggæslu á vegum sveitarfélagsins (d. kommunal dagpleje). Hvert dagforeldri er með 3-4 börn í vistun í eigin húsnæði, en starfar hjá borginni og er í samstarfi við aðra dagforeldra í hverfinu. Borgin sér um rekstur húsnæðis, þar sem 5-8 manna hópur dagforeldra í hverfinu hittist einn dag í viku með börnin. Í Amager-hverfi eru um 300 börn í vistun hjá 120 dagforeldrum. Daggæsluráðgjafar eru níu, þar eru reknar 3 leikstofur og eitt gestahús auk þess sem sveitarfélagið rekur 12 „daggæsluhús“ þar sem þrjú dagforeldrar eru saman með 8-10 börn. Fræðast má um fyrirkomulag daggæslu í Kaupmannhöfn á heimasíðunni [www.kk.dk](http://www.kk.dk). „Starfshópurinn telur rétt að ræddir verði kostir og gallar við þetta fyrirkomulag í Kaupmannahöfn og metið í samráði við dagforeldra fýsileika þess að ráðist verði í slíkt verkefni.

### 11. Fyrirvaralausar uppsagnir hjá dagforeldrum

Fyrirkomulag daggæslunnar er að um sjálfstætt starfandi aðila er að ræða. Dagforeldrar gera samninga við foreldra um vistun barns og um niðurgreiðslu á gjöldum. Ábyrgð Reykjavíkurborgar á vistun barna í daggæslu í heimahúsum miðast við eftirlit með starfsemi og við niðurgreiðslurnar, þ.e. um gagnkvæman mánaðar uppsagnarfrest er að ræða. Sé um fyrirvaralausar uppsögn að ræða sem af og til gerist, býðst foreldrum að hafa samband við daggæsluráðgjafa á þjónustumiðstöð sem reyna eftir fremsta megni að aðstoða við að finna annað dagvistunarúrræði. Þegar skortur er á dagforeldrum er vandinn sá að foreldrar standa uppi úrræðalausir. Lagt er til að Reykjavíkurborg kanni hvaða leiðir hægt er að fara í slíkum tilfellum.

## Niðurlag

Dagforeldrakerfið er mikilvægur valkostur fyrir foreldra sem þurfa að hverfa aftur til vinnu að afloknu fæðingarorlofi. Sumum foreldrum finnst erfitt að láta litlu börnin sín í leikskóla með fjölda annarra barna og kjósa frekar að barnið þeirra eigi kost á því að það geti „dvalið“ hjá dagforeldri í persónulegra, rólegra, heimilislegra og /eða öruggara umhverfi fyrir lítil börn þar sem börnin geta tengst sama umönnunaraðila í stað margra“, svo vitnað sé í nýja viðhorfskönnun meðal foreldra barna hjá dagforeldrum í Reykjavík.

Á síðustu árum hafa börn verið að fá pláss fyrir en áður inn í leikskóla sem hefur þýtt breytingar hjá dagforeldrum varðandi vistun barna hjá þeim.

Á þessu ári mun plássum á ungbarnadeildum fjölga sem getur leitt til fækkunar barna hjá dagforeldrum.

Á sama tíma verður alltaf til hópur foreldra sem kys að hafa litlu börnin sín hjá dagforeldrum.

Bent hefur verið á það að meðan svo mikill munur er á kostnaði við að hafa annars vegar barn hjá dagforeldrum og hinsvegar í leikskóla sé þjónusta dagforeldra ekki raunhæfur valkostur fyrir marga foreldra. Foreldrar þiggja pláss í leikskóla þegar það býðst þó svo sumir þeirra kjósi frekar að hafa barnið áfram í dagvistun hjá dagforeldri sbr. fyrrnefnd könnun meðal foreldra.



Starfshópurinn er hlynntur því að foreldrar hafi valkost varðandi daggæslu fyrir litlu börnin. Því leggur hann til ofangreindar tillögu sem ættu að geta styrkt dagforeldrakerfið og fest það í sessi sem öruggan valkost fyrir foreldra ungra barna.

Með þeim breytingum sem lagðar eru til geta skapast möguleikar á samkeppnishæfu þjónustuúrræði fyrir yngstu börnin í borginni.

## Heimildaskrá

Skýrsla BSRB um dagvistunarúrræði, maí 2017

[https://www.bsrb.is/static/files/Utgefid\\_efni/skyrsla-bsrb-um-dagvistunarurraedi-mai-2017.pdf](https://www.bsrb.is/static/files/Utgefid_efni/skyrsla-bsrb-um-dagvistunarurraedi-mai-2017.pdf)

Blíð byrjun. Skýrsla starfshóps, janúar 2012. Verkefni sem tekur á mótun farsællar og aðgengilegrar byrjunar /tengingar fjölskyldu og barns við þjónustu samfélagsins.

[http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/blidbyrjun.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/blidbyrjun.pdf)

Börn ári fyrr í leikskóla. Skýrsla starfshóps SFS tengd kynjaðri fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, haust 2011.

Reglugerð um daggæslu í heimahúsum nr. 907/205

Viðhorf foreldra barna hjá dagforeldrum 2017 - 2018

Könnun meðal dagforeldra 2016


<https://reykjavik.is/vidhorf-dagforeldra-konnun-2015-2016>

## Fylgiskjöl

### Erindisbréf

### Erindisbréf starfshóps á skóla – og frístundasviði

<b>Heiti starfshóps:</b> Starfshópur um endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu í Reykjavík
<b>Ábyrgðarmaður:</b> Sviðstjóri SFS
<b>Hlutverk:</b> Hlutverk starfshópsins er að koma með tillögur um breytingar og þróun dagforeldraþjónustu í Reykjavík með það að markmiði að auka enn frekar gæði starfsins og öryggi barna í daggæslu.
<b>Helstu verkefni:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Greina núverandi fyrirkomulag m.a. út frá öryggi barna.</li><li>• Koma með tillögur að þróun dagforeldraþjónustu s.s. um aukid öryggi barna</li><li>• Skoða hvernig beita megi hvötum til að auka gæði og öryggi þjónustunnar</li><li>• Taka mið af niðurstöðum starfshóps varðandi mat á daggæslu.</li><li>• Skoða með hvaða hætti daggæslu er háttað í nágrannalöndum.</li><li>• Skoða reglugerð um daggæslu, sem er í endurskoðun.</li><li>• Greina hvort breyting ætti að verða á aðkomu borgarinnar að rekstri daggæslunnar.</li><li>• Skoða samhengi gjaldskráa leikskólaþjónustu og dagforeldraþjónustu</li><li>• Yfirfara fyrirliggjandi upplýsingar um dagforeldraþjónustu í Reykjavík og afla nýrra eftir þörfum</li></ul>
<b>Fulltrúar í starfshópi:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Þórlaug Borg Ágústsdóttir, fulltrúi í skóla- og frístundaráði</li><li>• Kjartan Magnússon, fulltrúi skóla- og frístundaráðs</li><li>• Sigríður Marteinsdóttir, skrifstofu skóla og frístundasviðs</li><li>• Guðný Ólafsdóttir, fulltrúi frá Barnavistun</li><li>• Halldóra Björk, fulltrúi frá Barninu</li><li>• Rákel Rá Sigurbjörnsdóttir, fulltrúi foreldra</li><li>• Arna Hrönn Aradóttir, daggæsluráðgjafi af þjónustumiðstöð</li><li>• Elin Norðmann, lögfræðingur skóla- og frístundasviðs</li></ul>
<b>Formaður starfshóps:</b> Þórlaug Borg Ágústsdóttir, fulltrúi skóla- og frístundaráðs
<b>Starfsmaður:</b> Steinunn Hjartardóttir, verkefnastjóri skóla- og frístundasviði
<b>Ráðgjöf / samstarf:</b> Starfshópurinn hafi samráð við þá aðila sem hann telur nauðsynlegt s.s. fjármálaskrifstofu, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og Mennta- og menningarmálaráðuneytið.  Starfshópurinn taki mið af vinnu starfshópa undanfarinna ára um að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla, skýrslu starfshóps um Blíða byrjun og gæðaviðmiðum fyrir daggæslu í heimahúsum.
<b>Starfstímabil:</b> Janúar 2017 til 15. apríl 2018
<b>Áfangar/Stöðumat:</b> <input type="checkbox"/> Já / <input checked="" type="checkbox"/> XNei Ef já, hvenær og með hvaða hætti?
<b>Lokaskil:</b> Á hvaða formi skal skila niðurstöðum og til hverra? Greinagerð til sviðsstjóra SFS og skóla- og frístundaráðs



## Kostnaðaráætlun

### *Kostnaður á hver 5 börn*

Matur:	80.000.-
Húsaleiga:	þar sem að á við
Hiti+rafmagn:	4000.- per mánuð
Þurrkur og Bleyjur:	6000.- per mánuð
Leikföng, föndur:	10.000.- per mánuð
Almennt viðhald:	100.000.- árlega
Pappírskostnaður:	5.000.-
Vinnufatnaður :	70.000.- start í útifötum (endurnýjast eftir þörfum), 30.000.- annar fatnaður á ári
Vagnar:	150.000.- í startkostnað
Kerrur:	136.000.- í startkostnað (fyrir 4 börn) 169.000(fyrir 6 börn)
Rúmföt, sængur, koddar, teppi:	20-50.000.- í startkostnað
Diskar, glös, áhöld:	10.000.- í start kostnað fyrir 5 börn, er endurnýjað reglulega
Þvottastykki/svampar:	990.- 20stk (endurnýjað árlega)
Endurnýjun á slökkvitæki:	8.000.-
Endurnýjun leyfa:	saka- og heilsufarsvottorð 4.500.- saman
Félagsgjöld/tryggingar:	10.000.- á ári
Slysavarnir:	6000.- annað hvert ár
Heilbrigiseftirlit:	43.000.- annahvert ár (á bara við um þá sem starfa 2 saman)
Sjúkrakassinn:	10.000.- start og reglulega enurnýjað
Krem, Handspritt, einota hanskar:	8.000.- annahvern mánuð
<i>slysatrigging dagforeldris</i>	<i>50-100. þús</i>
<i>sjúkratrigging</i>	

## Forsendur útreikninga vegna 18 mánað barna hjá dagforeldrum

<b>Forsendur - fjöldi barna hjá dagforeldri eldri en 18 mánaða</b>	<b>Fjöldi uppsafnað</b>
Fjöldi barna 18 mánaða og eldra í janúar 2018	185
Fjöldi barna 18 mánaða og eldra í febrúar 2018	252
Fjöldi barna 18 mánaða og eldra í mars 2018	313
Fjöldi barna 18 mánaða og eldra í apríl 2018	366
Fjöldi barna 18 mánaða og eldra í maí 2018	407
Fjöldi barna 18 mánaða og eldra í júní 2018	435
Fjöldi barna 18 mánaða og eldra í júlí 2018	473
Fjöldi barna 18 mánaða og eldra í ágúst 2018	503
Fjöldi barna 18 mánaða og eldra í september 2018	0
Fjöldi barna 18 mánaða og eldra í október 2018	50
Fjöldi barna 18 mánaða og eldra í nóvember 2018	150
Fjöldi barna 18 mánaða og eldra í desember 2018	200
<b>Forsendur</b>	<b>Verð</b>
Áætluð meðalniðurgreiðsla til dagforeldra	58.863
Heildargjald dagforeldra (áætlað)	128.863
Hlutur foreldra	70.000
Niðurgreiðslur til dagforeldra þyrftu að hækka um	47.559
Áætlað meðalgjald foreldra á leikskólum í borginni	22.441

<b>Mánuður</b>	<b>Viðbótarkostnaður</b>
Kostnaður í janúar	8.798.415
Kostnaður í febrúar	11.984.868
Kostnaður í mars	14.885.967
Kostnaður í apríl	17.406.594
Kostnaður í maí	19.356.513
Kostnaður í júní	20.688.165
Kostnaður í júlí	0
Kostnaður í ágúst	23.922.177
Kostnaður í september	0
Kostnaður í október	2.377.950
Kostnaður í nóvember	7.133.850
Kostnaður í desember	9.511.800
<b>Alls 2018</b>	<b>136.066.299</b>

## Fundargerðir starfshóps

### 1. fundur haldinn í Norðurkoti 25. janúar 2018

Mættir: Þórlaug Borg Ágústsdóttir; Guðný Ólafsdóttir; Halldóra Björk Þórarinsdóttir; Arna Hrönn Aradóttir; Sigríður Marateinsdóttir og Steinunn Hjartardóttir

#### Þetta gerðist:

1. Farið yfir erindisbréf starfshópsins, verkefni, starfstímabil o.fl

Atriði sem koma upp í þeirri yfirferð:

Ný reglugerð - skoða hvernig málin standa með hana. Hafa samband við ráðuneytið út af reglugerðarvinnunni - Þórlaug gerir það.

Boða á Rósu eða annan fulltrúa frá Heilbrigðiseftirlitinu á fund með starfshópnum og ræða um að eftirlitið nái líka til þeirra dagforeldra sem vinna einar. Áb. SM boðar hana á næsta fund starfshópsins.

Auka öryggi barnanna þegar tveir foreldrar saman. Slysinn gera ekki boð á undan sér.

Tillaga: Allir einyrkjar verði með neyðarhnappa

Hækka mótframlög frá borginni og fækka börnum. Vera með 4 börn að hausti og bæta við hópinn við áramót.

Meiri stuðningur frá sviðinu í formi endurmenntunar, námskeiðstilboða, skyndi-hjálparnámskeið.

Fá meiri stuðning frá þjónustumiðstöðvum, t.d. í formi námskeiða. (Er nú mjög mismunandi eftir þjónustumiðstöðum.)

Samnýta fræðslu með leikskólunum (er fyrir hendi í Norðlingaholti). Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíðar (Arna í skólaþjónustunni hefur mikinn áhugi á samstarfi) - Boðið að nýta garðinn við leikskólann Barónsborg.

Könnunarleikur - fara inn í leikskólann með hópastarf - Næsti námskeiðsdagur - kynning á aðferðarfræði könnunarleiksins /leikir við hæfi barna.

Aðkoma borgarinnar:

Aðstöðustyrkur, húsnæðisstyrkur - láta ekki gróðrarsjónarmið ráða í sambandi við leigu á leiksvæðum með húsum. Lækka frekar leiguna. Boða Óli Jón Hertervig fulltrúa frá Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar á fund nr. 2.

Hvernig auglýsum við aðstöðu fyrir dagforeldra á gæsluleikvallasvæðunum? Hvaða skilyrði á að setja fram? Ræða við Eyþóru lögfræðing í R.húsi og Elínu Norðmann lögfræðing sem er í starfshópnum.

Rætt um ýmsa möguleika: Malarás: þar á að rífa niður hús og grindverk því stefnan hjá borginni hefur verið sú að vera með opin leiksvæði í hverfunum - Hver er stefna borgaryfirvalda núna? Það þarf að hlúa betur að þessum útisvæðum.

Borgin hlúi betur að daggæslustarfseminni - lækki leiguna - leigi dagforeldrum ódýrt – Faglegt mat liggja til grundvallar vali á umsækjendum. Fjölga húsunum, hirða lóðirnar betur. Þarf að vanda valið við að fá dagforeldra til starfa - ekki fá hvern sem er í starfið.

Skoða hvað veldur óstöðugleikanum í barnahópnum. T.d. stöpp börnin mjög stutt hjá sumum dagforeldrum – Þessum dagforeldrum þarf að sinna miklu betur.

Verkefni: Skoða samhengi gjaldskráa leikskólaþjónustu og dagforeldraþjónustu - Áb. SM, SH

Ábendingar frá daggæslufulltrúa:

Dagforeldra eru að veita **þjónustu** og ber að nálgast hlutina út frá því sjónarmiði, dagforeldrar þurfa alltaf að hafa það í huga..

Það þarf að gæta hagsmuni dagforeldra jafnt sem foreldra og borgarinnar. Gera skriflegan samning - leiðbeina dagforeldrum við að gera samninga við foreldra.

Frídagar foreldra - illa séðir af foreldrum - sumir fara mjög oft í frí. Ekki allir heiðarlegir.

Verið að falsa skjöl varðandi niðurgreiðslu - breyta dagsetningum eftir að foreldrar undirrita.

Rætt um hættu á svartamarkaðsvinnu - útlendingar/innflytjendur sem taka börn í daggæslu án formlegs leyfis - Rætt um nauðsyn á fjölbreyttu kynningarefnis.

2. Rætt um vinnutilhögun starfshópsins:

Miða lok starfstímabils við 15. apríl.

Hafa fundartímamann á fimmtudögum frá kl. 16:30 til 18:00 - einn fundur á viku til að byrja með. SM boðar næstu fjóra fundi.

**Verkefni:**

1. Hafa samband við ráðuneytið út af reglugerðarvinnunni - Áb. Þórlaug.

2. Gera yfirlit yfir allan kostnað sem dagforeldrar þurfa að bera vegna starfsemissins. (Tryggingar, námskeið, o.fl.) Áb. Fulltrúar dagforeldrar í starfshópnum

3. Skoða samhengi gjaldskráa leikskólaþjónustu og dagforeldraþjónustu. Áb. SM, SHj

4. SM sendir fulltrúum í starfshópnum yfirlit yfir lög og reglugerðir, skýrslur og vefslóðir á starfsemi dagforeldra á Norðurlöndunum.

5. Boða á Rósu eða annan fulltrúa frá Heilbrigðiseftirlitinu á fund með starfshópnum. Boða fulltrúa frá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Óli Jón Hertervig á fund. Áb. SM

9. Ræða við Eyþóru lögfræðing í R.húsi og Elínu Norðmann lögfræðing sem er í starfshópnum um hvaða skilyrði á að setja fram varðandi auglýsingu á aðstöðu á útleiksvæðum/húsum fyrir daggæsluna?. Áb. ÞÁ, SM

## 2. fundur haldinn í Norðurkoti 1. febrúar 2018

Mættir: Þórlaug Ágústsdóttir (ÞÁ); Sigríður Marteinsdóttir (SM); Guðný Ólafsdóttir (GÓ); Halldóra Björk Þórarinsdóttir (HBP); Arna Hrönn Aradóttir (AHA); Kjartan Magnússon (KM) og Steinunn Hjartardóttir sem ritaði fundargerð. Óli Jón Hertervig sat fundinn undir lið

**Fyrirliggjandi dagskrá:**

1. Yfirferð á fundargerðar frá síðasta fundi.
2. Gestir
3. Staða á verkefnum og fundi með Heilbrigðiseftirlitinu
4. Næstu skref og tímamörk sett á ákveðna verkliði

5. Fleiri gestir sem þarf að boða á fund hópsins
6. Annað (gögn, útreikningar ofl.)

**Þetta gerðist:**

1. Yfirferð á fundargerðar frá síðasta fundi. Þórlaug segir frá samtali sínu við Guðríði Bolladóttur í ráðuneytinu varðandi vinnu við endurskoðun reglugerðar um dagforeldra. Segir hún að vinnan í starfshópnum sé langt á veg komin og að stefnt sé að fundi á næstunni þar sem hlutirnir skýrist vonandi.

2. Gestir – Óli Jón Hertervig var getur fundarins. Sagði hann frá samráði við USK varðandi það að setja niður byggingareiti fyrir 50 - 70 m<sup>2</sup> færanleg húsnæði sem geta nýst fyrir daggæslu á vegum dagforeldra, en að mati skóla- og frístundasviðs er nú mikilvægt að leita leiða til að auka nýliðun í hópi dagforeldra. Einn liður í þessu er að skoða möguleikann á að borgin hlutist til um útvegum leiguhúsnæðis til dagforeldra sem ætti að virka sem hvati fyrir nýja dagforeldar að sækja um starfsleyfi. Til þess að útleiga skili sér í fjölgun dagforeldra er æskilegt að skilyrða útleigu á nýju húsnæði til nýrra dagforeldra og að tveir starfi saman.

Að mati ÓJH hefur almenn ánægja ríkt með gömlu gæsluleikvallasvæðin sem hafa á síðustu árum verið nýtt fyrir starfsemi dagforeldra og því virkilega ástæða til að veðja á þetta úrræði. Skipulagið vill fá 6 vikur til þess að finna út úr þessu, en upp á síðkastið hefur verið skortur á færanlegu húsnæði hjá borginni. M.a. verða einingalausnir skoðaðar og að fjölga húsum þar sem dagforeldrar eru að reka starfsemi á gæsluleikvallalóðum í eigu eignasjóðs borgarinnar. Reglugerð um daggæslu í heimahúsum heimilar að 2 dagforeldrar geti verið saman með rekstur með samtals 10 börn en ekkert er því til fyrirstöðu að hafa nokkur hús á sömu lóð þar sem tveir dagforeldrar sameinast um hvert hús.

Farið yfir þau svæði sem bjóða upp á fjölgun einingarhúsa, s.s. við Barðavog, Rauðarlæk, Freyjugötu, Njálsgötu, Fróðengi, Hlaðhamrar, Vesturbergi og Ljósheima, Malarás, Dalseli og Vesturgötu.

Einnig farið yfir það hvar mesta þörfin er á fjölgum dagforeldra í borginni. Fram kemur að það vanti dagforeldra í öllum hverfum, ekki síst þeim nýjustu eins og í Grafarholti, Úlfarsárdal og í Leirdal. ÓJH bendir á að það megi búast við því að einhver mótæmi verði hjá íbúum í nágrenni þessa svæða þar sem reynslan sýnir að þegar verða breytingar á skipulagi í hverfum skapast oft óánægja hjá íbúunum.

Búið er að bera málið undir lögfræðinga borgarinnar en það verður tekið fyrir á fundi borgarráðs í næstu viku. Allir fundarmenn eru fylgjandi því að farið verður út í þennan leiðangur þar sem þörfin fyrir fjölgun á dagvistarplássum fyrir litlu börnin er afar brýn.

### **3. fundur haldinn í Norðurkoti 15. febrúar 2018**

Mættir: Þórlaug Ágústadóttir (ÞÁ); Sigríður Marteinsdóttir (SM); Guðný Ólafsdóttir (GÓ); Halldóra Björk Þórarinsdóttir (HBP); Arna Hrönn Aradóttir (AHA); Rakel Rán Sigubjörnsdóttir (RRS), Elín Norðmann (EN) og Steinunn Hjartardóttir sem ritaði fundargerð.

**Fyrirliggjandi dagskrá:**

1. Yfirferð á fundargerð síðasta fundar og verkefnum úr fundargerð
2. Staðan á lóðum og auglýsingu
3. Samantekt á öryggisáþendingum (ábendingar sendist á starfsmann hópsins)
4. Samantekt á helstu kostnaðarliðum til upplýsingar. Staðan.



5. Samhengi gjaldskráa leikskóladvalar og dagforeldraþjónustu
6. Önnur mál

### Þetta gerðist:

1. Yfirferð á fundargerð síðasta fundar og verkefnum úr fundargerð.
2. Staðan á lóðum og auglýsingu - Auglýst hefur verið eftir dagforeldrum með áherslu á að bjóða fram húsnæði (á gæsluleikvöllum) fyrir tvo dagforeldra saman. Rætt um að líta fyrst til þeirra dagforeldra sem eru starfandi í dag en einhverjir þeirra eru að missa húsnæðið fyrir starfseminna. Einnig að sett verði niður viðmið um hvernig eigi að vinna úr umsóknum, þannig að ekki verði leigt til hæstbjóðenda, heldur tekið tillit til annara þátta, s.s. faglegra. Lagt til að gerð verði kynningaráætlun um það að koma auglýsingunni betur á framfæri - fylgja henni betur eftir. Fá til þess fjármagn. Kynna á fleiri stöðum. Hverjir eru markhóparnir? Hvar er mesta þörfin? Vesturbær? Auglýsa á bókasöfnum og mömmumorgnum - gera plakát. ATH. deila auglýsingunni sem birtist á feisbókarsíðu SFS  
[https://www.facebook.com/foreldravefur/?hc\\_ref=ARTuDkNmNogUhUFoVmIOuilh5v8J3ri1oc1h0UcaTGC0fRSkHEEaU2g3t4OSN12Fz2w&fref=nf&pnref=s\\_tory](https://www.facebook.com/foreldravefur/?hc_ref=ARTuDkNmNogUhUFoVmIOuilh5v8J3ri1oc1h0UcaTGC0fRSkHEEaU2g3t4OSN12Fz2w&fref=nf&pnref=s_tory)
3. Samantekt á öryggisáþendingum, áþendingar sendist á starfsmann hópsins - Rætt um öryggismál, s.s. öryggishnapp sem til greina kæmi að dagforeldrar fengju frían, þ.e. borgaryfirvöld greiði kostnað vegna hans. Rætt um rýmingaráætlanir (hafa tvær leiðir til þess að rýma húsnæði) og eftirlitsheimsóknir frá Heilbrigðiseftirlitinu - SM fylgir því eftir að reglugerð verði breytt hvað það varðar. Verðum að huga að andlegri heilsu líka og gera meiri uppeldislegar kröfur til umönnunaraðila.  
Tillaga: Dagforeldraráðgjafi komi að lágmarki tvisvar á ári og veiti ráðgjöf og leiðbeiningar.
4. Samantekt á helstu kostnaðarliðum starfseminnar - til upplýsingar- Guðný og Halldóra Björk lögðu fram yfirlit yfir kostnað vegna rekstur starfseminnar fyrir 5 börn. Kostnaður alls 726.000 kr. á ári (stofnkostnaður þ.e. vagnar, kerrur, vinnufatnaður, rúmföt, starfsleyfið o.þ.h.) og kostnaður vegna almenns reksturs. Sjá meðfylgjandi plagg.
5. Samhengi gjaldskráa leikskóladvalar og dagforeldraþjónustu - SM leggur fram yfirlit yfir kostnaðinn frá fjármálaþjónustu SFS, annarsvegar fyrir barn í leikskóladvöl og hins vegar fyrir barn í daggæslu í heimahúsum.

Heildarútgjald fyrir barn á leikskóla (12. mán - 3 ára) er 304.144 þús kr. á mánuði miðað við 8.5 klst. dvöl.

Almenn niðurgreiðsla á mánuði fyrir eitt barn hjá dagforeldri er 58.863 kr. ( herra fyrir einstæða foreldra). Að auki greiðir borgin niður grunnnámskeiðið um kr. 30.000 en dagforeldrar sjálfir greiða kr. 60 þús. og vegna námskeiðsdags

dagforeldra 3000 kr. á hvern þátttakandi námskeiðsins og 100.000 fyrir hvern fyrirlesara.

Starfshópurinn hallast að því að borgin greiði svipaða upphæð fyrir börn í daggæslu í heimahúsum og það sem greitt er fyrir hvert barn í leikskólanum. Einnig verði veittur hærri styrkur til dagforeldra vegna grunnnámskeiðsins.

Rætt um innihald grunnnámskeiðsins sem haldið er að Námsflokkum Hafnarfjarðar. Þessi námskeið eru mjög vönduð og margir góðir kennarar. Er verið að taka nægjanlegt tillit til erlendra dagforeldra, s.s. pólska sem eru margir hér á landi. Þeim nægir ekki að vera með túlk. Á námskeiðinu er mikilvægt að kynna vel samningagerð, s.s. hvaða atriði setur dagforeldi inn í vistunarsamninginn. Það má ekki stangast á við samninginn um niðurgreiðslurnar sem koma úr borgarsjóði. Æskilegt að félög dagforeldra hafi eigin samninga/samningsform og siðareglur. Skoða niðurstöður viðhorfskönnunar meðal foreldra sem er á vefnum - hvað kemur illa út þar. Láta upplýsingar um starfsemina liggja frammi á þar sem starfsemin fer fram, t.d. í möppu eða á vefsíðu dagforeldris. Væri hægt að taka meira tillit til menntunar fólks sem sækir um dagforeldraleyfi, t.d. stétta sem vinna með fólki, s.s. kennarar, félagsráðgjafa og hjúkrunarfræðinga?

6. Önnur mál - Þórlaug leggur til að allar athugasemdir starfshópsins verði teknar saman fyrir ákveðna dagsetningu og farið yfir þær. Þá yrði farið yfir þær tillögur sem hópurinn getur hugsað sér að leggja fram í niðurstöðum starfshópsins.

Atriði sem gætu komið fram í skýrslu:

Yfirferð á könnunum/gögnum sem sýna afstöðu foreldra til dagforeldraþjónustu og umræðu um úrbætur á þeim liðum sem snerta starfsemi starfshópsins. Áb. ÞÁ

Atriði sem komu fram í tveimur starfshópum sem SM hefur tekið þátt í og falla að verkefni okkar (Blíð byrjun og djúpgreiningarvinna þar sem borið var saman daggæsluþjónusta í Danmörku/Svíþjóð og Íslandi). Áb. SM

Gögn varðandi dagforeldrakerfið á Norðurlöndunum . Áb. AHA ætlar að senda g reinar

Bréf frá foreldrum sem að hafa verið send starfshópnum til skoðunar - ( miðlægrri innritun -yfirvöldum- hærri niðurgreiðsla o.þ.h.). Áb. ÞÁ

Eftirlitsheimsóknir frá Heilbrigðiseftirlitinu. Áb. SM fylgir því eftir að reglugerð verði breytt hvað það varðar.

Erindi frá framkvæmdastjórn SFS frá 16. janúar sl. Ákveðið að óska eftir því við nýjan starfshóp um endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu í Reykjavík að hann skoði lagaramma og koma með tillögu um fyrirkomulag ytra mats hjá dagforeldrum.

#### 4. fundur haldinn í Norðurkoti 22. febrúar 2018

Mættir: Þórlaug Ágústsdóttir (ÞÁ); Sigríður Marteinsdóttir (SM); Guðný Ólafsdóttir (GÓ); Halldóra Björk Þórarinsdóttir (HBP); Arna Hrönn Aradóttir (AHA); Rakel Rán Sigurbjörnsdóttir (RRS), Elín Norðmann (EN) og Steinunn Hjartardóttir sem ritaði fundargerð.

##### Fyrirliggjandi dagskrá:

1. Drög að tillögum starfshópsins – Til yfirferðar á fundinum
2. Upplýsingar varðandi húsnæði á vegum borgarinnar – SM segir frá fundi með Óla Jóni Hertervíg
3. Drög að verklagsreglum varðandi eftirlitið
4. Erindi sem hafa borist starfshópnum

Hærrí niðurgreiðslur fyrir börn 18 mánaða og eldri sbr. samningur til sjálfstætt starfandi leikskóla sem fá hærrí niðurgreiðslu fyrir börn sem eru 18 mánaða plús.  
Miðlæg innritun fyrir börn á bið eftir pláss hjá dagmæðrum  
Niðurgreiðsla fyrir börn sem ekki fá pláss hjá dagforeldrum eða eru með aupair eða sambærilega gæslu.

##### Þetta gerðist:

1. Farið yfir drög að tillögum starfshóps:
  - a) Húsnæði vegna daggæslu í heimahúsum

Til að fjölga þeim dagforeldrum sem starfa tveir saman komi Reykjavíkurborg til móts við það með útvegum húsnæðis í eigu borgarinnar. Leigugjald verði ákveðið af R.borg

Ekki sé gert ráð fyrir útboð á húsnæðinu/aðstöðunni. Hvernig viljum við hafa krítériurnar. Ekki efnahagur sem ráði - heldur reynsla dagforeldra. Peningur enginn fyrirstaða. Allir dagforeldrar geti sótt um. Leigan föst upphæð

- b). Hækkun á niðurgreiðslum til dagforeldra

Lagt er til að niðurgreiðslur til dagforeldra hækki um 25% sem gildir frá síðustu áramótum – Útreikningar frá RRB – Hver er hækkunin og hver mörg börn – frá 9 mánaða - jafn mikið og foreldrar greiða fyrir pláss í leikskóla. Fulltrúi foreldra leggur til að hækka gjöldin þannig að dagforeldrar þurfi ekki að vera með fleiri en 4 helst - 3 bara börn.

Hækka niðurgreiðsluna sem því nemur. Heimildarákvæði að vera með fimmta barnið.

- c) Lagt er til að við 18 mánaða aldurinn hækki niðurgreiðslur til samræmis við niðurgreiðslur til leikskólabarna í sjálfstætt starfandi leikskólum. Þetta á við þau börn sem dvelja hjá dagforeldrum og eru orðin 18 mánaða (tekur gildi 1. sept. 2018) - Til að gæta jafnræðis.

d) Aðstöðustyrkur

Innleiddur verði svokallaður *aðstöðustyrkað* upphæð 25 þúsund krónur, sem hugsaður er til að mæta kostnaði vegna húsnæðis og aðbúnaðar vegna starfseminnar og miðast við 3 börn. Ef húsnæði er leigt miða þá við að hvert barn eins og hjá ungbarnaleikskólanum. Ath. með Kópavogsbæ sem er með aðstöðugjald - bara í byrjun.

e. Námsstyrkir

Framlag Reykjavíkurborgar vegna gjalds á grunnnámskeiði hækki til verðandi dagforeldra þannig að greitt verði helmingur námskeiðsgjalds hverju sinni.

Reykjavíkurborg greiði fyrir endurnýjun á slysavarnar- og eldvarnarnámskeiðum. Greiði allt gjaldið.

f. Mat á þjónustunni og öryggismál

Starfshópurinn leggur til að ytra mat á dagforeldraþjónustunni verði innleitt. Matið byggir á gæðaviðmiðum sem þegar hefur verið unnið og prufukeyrt. Lagt er til að framkvæmd ytra matsins verði annars vega í höndum tveggja matsaðila á skrifstofu eða hins vegar í höndum daggæsluráðgjafa á þjónustumiðstöð og eins matsaðila á skrifstofu. Eftirfylgd matsins verði í höndum daggæsluráðgjafa á þjónustumiðstöð nema ef um 36. og 37. grein í reglugerð um daggæslu í heimahúsum.

Öryggishnappur – Reykjavíkurborg útvegi endurgjaldslaust þeim dagforeldrum sem starfa einir öryggishnapp.

Eftirlitsheimsóknir frá Heilbrigðiseftirlitinu verði í tengslum við frumleyfi um daggæslu í heimahúsum (ath. reglugerð)

Dagforeldraráðgjafi koma að lágmarki tvisvar á ári og veiti ráðgjöf og leiðbeiningar. - Ath. Guðný - fá meiri tíma frá daggæsluráðgjafa til að sinna ráðgjöfinni.

Miðlæg innritun - skoða möguleika á miðlægri innritun - veita upplýsingar - biðlistinn hjá sér - foreldrar geti fengið uppl. hjá daggæsluráðgjafa - hækka starfshlutfall þeirra á þjónustumiðstöðum.

2. Fundur með Óla Jón - Sigríður sagði frá fundi með Óla Jóni varðandi húsnæði fyrir daggæslustarfssemi. Nokkrar umsóknir vegna auglýsingar um nýja dagforeldra og möguleika á að leigja húsnæði hjá borginni hafa borist en engar frá tveimur dagforeldrum saman sem er skilyrði fyrir því að leigja hús.

Umræða:

Allir verða að fá að bjóða í húsnæðið -verður að gæta jafnræðis - Skilyrði að það séu tveir dagforeldrar saman. Ekki samkeppni um hver býður hæst í húsnæðið.

Hvað með það húsnæði sem til er í dag; Hús á Bergþórugötu og í Arnarbakkanum (vantar hurð þar)

Rætt um að auglýsa aftur nú á heimasíðu borgarinnar.

Breyta skipulagi til að búa til aðrar lóðir - taka inn börn í september - ÓJH er búinn að gera töflu yfir húsnæði á gömlu gæsluleikvallasvæðunum.

Málið fer fyrir borgarráð.

Nauðsynlegt að ræða við lögfræðinga í Ráðhús.

Við ákveðum krítériur fyrir leigunni.

3. Drög að verklagsreglur varðandi eftirlitið - Farið yfir breytingar á reglum og þær samþykktar.

4. Erindi sem hafa borist starfshópnum – Farið yfir tvö erindi sem vísað var til skoðunar í starfshópnum.

Annað erindið sem er frá nokkrum foreldrum sem eiga börn í dagvistun hjá dagforeldrum gengur út á það að greidd verði hærri niðurgreiðsla fyrir börn 18 mánaða og eldri sem eru vistuð hjá dagforeldrum líkt og gert er fyrir börn sem dvelja í sjálfstætt reknum ungbarnaleikskólum. Bent er á þau rök að þessi dagvistunarúrræði, dagforeldrarþjónustan og sjálfsætt starfandi leikskóli eru í einkarekstri. Því sé mismunur að ekki gildi sambærilegar reglur um þessi tvö dagvistunarúrræði fyrir litlu börnin.

Starfshópurinn tekur undir þessar óskir.

(Svo framarlega sem ekki verður samþykkt að niðurgreiðsla hjá dagforeldrum verði sambærilegri við það sem nemur útlögðum kostnaði sem Reykjavíkurborg greiðir fyrir hvert barn í leikskóla styður starfshópurinn þessa kröfu).

Hitt erindið varðar það að borgin greiði ákveðna upphæð (niðurgreiðslu) sem fylgi hverju barni, eða að niðurgreiðid sé öll form for daggæslu í heimahúsum (einskonar heimagreiðsla).

Viðkomandi foreldri vísar til þess að hvergi sé hægt að fá pláss fyrir barn í borginni og því sé þetta réttlætismál. Bendir viðkomandi foreldri á það að þarna sé verið að mismuna og þar með brjot á jafnræðisreglu.

Umræða: Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar með heimgreiðslu fyrirkomulaginu. Að mati afulltrúa starfshópsins sem höfðu reynslu og samanburð af þessu fyrirkomulagi þá gáfu þessar greiðslur ekki góða raun fyrir börnin. Tveir gallar voru sérstaklega nefndir í þessu sambandi, annað var að fyrirkomulagið ýtti undir „*neðanjarðarstarfsemi*“ þ.e. að barnagæsla væri rekin utan eftirlits og skattameðhöndlunar. Hinn var sá að engum blöðum er um að flétta að í slíku umhverfi án eftirlits er öryggi barna stefnt í hættu auk þess sem börn hafa bæði andlegar og líkamlegar þarfir sem þarf að tryggja að séu uppfylltar.

## 5. fundur haldinn 8. mars 2018

Mættir: Þórlaug Ágústsdóttir (ÞÁ); Sigríður Marteinsdóttir (SM); Guðný Ólafsdóttir (GÓ); Halldóra Björk Þórarinsdóttir (HBP); Arna Hrönn Aradóttir (AHA); Rakel Rán Sigurbjörnsdóttir (RRS), Elín Norðmanna (EN) og Steinunn Hjartardóttir sem ritaði fundargerð.

### Fyrirliggjandi dagskrá

1. Brúum bilið – Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir skrifstofustjóri leikskólahluta fagskrifstofu kemur á fundinn og segir frá starfi hópsins *Brúum bilið*.
2. Ytra mat á þjónustu dagforeldra – Sigríður Marteinsdóttir segir frá ytra mati
3. Eftirlit og öryggi
4. Önnur mál

### Þetta gerðist:

1. Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir skrifstofustjóri leikskólahluta fagskrifstofu kom á fundinn og sagði frá starfi hópsins *Brúum bilið*.

Stefnt er að því að á næstu árum geti foreldrar valið á milli dvalar hjá dagforeldrum og/eða dvalar í ungbarnaleikskóla fyrir eins árs börn sín. Þetta þýðir að það þarf að bæta við mörgum nýjum deildum í núverandi leikskólum, jafnvel byggja.

Nú þegar hafa 7 nýjar deildir verið skilgreindar sem ungbarnadeildir inn á núverandi leikskólum.  
Ekki er þó gert ráð fyrir því að það verði tekin inn yngri börn en eru í öðrum leikskólum.

Lögð verður fram kynning á næstu skrefum í þessu verkefni á næsta fundi skóla- og frístundaráðs. Á þeim fundi verður lagt til að það verði bætt við 7 öðrum ungbarnadeildum á leikskólunum.

Jafnframt verði fengin heimild til að taka inn yngri börn en 18 mán. Á síðasta ári fengu börn fædd í jan til apríl 2016 tilboð um pláss. Hugsanlega verður farið neðar í aldur á þessu ári en það á eftir að koma í ljós. Markmiðið er að bjóða öll börnum sem eru 15 mánaða og eldri og síðan 12 mánaða og eldri.

Þyrfti að byggja 4 - 5 leikskóla til viðbótar til að fullnægja þörfinni eða að ná þessum markmiðum.

Fram kemur að einnig sé fjölgun á plássum í sjálfstætt starfandi leikskólum, t.d. býður leikskólinn

Ós og leikskólar FS yngri börnum en eins árs pláss.

Allt er þetta háð því að starfsmenn fáist til starfa í leikskólunum, en ákveðið jafnvægi hefur náðst í starfsmannahaldinu nú eftir áramót.

Ingibjörg segir frá því að nú verði skýrari texti í boðsbréfum til foreldra sem fá tilboð um pláss fyrir börn sín varðandi það að ákveðinn fyrirvari sé á upphafi leikskóladvallar vegna hugsanlegrar manneklu eftir sumarleyfi. Í bréfunum verða leiðbeiningar um það að foreldrar segi ekki upp dagvistarúrræði fyrr en komin sé ákveðinn dagsetning á leikskóladvölinu.

Umræða um stöðuna.

Fulltrúar dagforeldra tala um að til að hægt sé að tala um að foreldrar hafi valkost á milli ungbarnadeilda og dvalar hjá dagforeldrum þá þurfi gjaldið að vera það sama.

Reynt verður að fá skýrari mynd á starfsmannahaldi leikskólanna strax í vor segir Ingibjörg.

Opna fyrir leyfi til þess að vera með eitt barn (ömmu og aupair-leyfi) en að þær umsóknir fara í sama ferli og dagforeldraleyfi.

IMG áréttar að reglurnar séu þannig að það séu 4 börn á starfsmann á ungbarnadeildum en það hefur spurst út að það séu fleiri börn. Í þessu sambandi er rætt um öryggismál hjá dagforeldrum versus í leikskólanum og að ekki sé hægt að bera saman vinnuumhverfi hjá dagforeldri og í leikskóla. (starfsmenn á öðrum deildum og stjórnendur á bakvakt á meðan dagforeldrar séueinir max tveir saman).

2. Ytra mat á þjónustu dagforeldra – Sigríður Marteinsdóttir segir frá ytra mati hjá dagforeldrum - mat byggir á viðmiðum um gæði og voru sett niður af dagforeldrastarfhópi sem starfaði hér áður.

Farið yfir gæðaviðmiðin sem hægt er að nálgast á Foreldravefnum.

Rætt um í hvaða höndum ytra matið ætti að vera, þ.e. í höndum daggæsluráðgjafa á þjónustumiðstöðva eða starfsmanna á skrifstofu á SFS.

3. Eftirlit og öryggi - Rætt um að foreldrar sjálfir séu ákveðnir öryggisventlar, þ.e.a.s. þeir geta verið með auga á ákveðum hlutum. Mikilvægt sé að gera þá meðvitaða um það að þeir megi segja frá og gagnrýna það sem þeim finnst gagnrýnisvert. SM talar um að hvetja þurfi foreldra til að koma og segja frá hvað þurfi að laga. Þjóða upp á það. Foreldrar séu hræddir við viðbrögðin.

Starfshópurinn leggur til að slysavarnarnámskeið og brunavarnarnámskeið verði ókeypis fyrir dagforelda - Hvað með öryggishnappa?

Næsti fundur starfshópsins verður haldinn 23. mars sk. Arna Hrönn mætir ekki á þann fund - fer í frí og kemur ekki tilbaka fyrr en 27. mars

## 6. fundur haldinn í Norðurkoti 5. apríl

Mættir: Þórlaug Ágústadóttir (ÞÁ); Sigríður Marteinsdóttir (SM); Guðný Ólafsdóttir (GÓ); Arna Hrönn Aradóttir (AHA); Rákel Rán Sigurbjörnsdóttir (RRS); Elín Norðmann (EN) og Steinunn Hjartardóttir sem ritaði fundargerð.

### Fyrirliggjandi dagskrá:

1. Farið yfir stöðu mála
2. Farið yfir ramma að skýrslu
3. Niðurgreiðslur í nágrannasveitarfélögum
3. Skipulag daggæslu í heimahúsum á Norðurlöndunum
4. Önnur mál

### Þetta gerðist:

1. ÞÁ fer yfir stöðuna - Förum fram á eins mikið fjármagn og hægt er - Mikill þrýstingur varðandi húsnæðið - ekki stofnkostnaður vegna húsnæðisins - fagleg leiga.
2. Farið yfir ramma að skýrslu og tillögur. SHJ fer lauslega yfir ramman að skýrslu og tillögurnar. Umræða um öryggismáli, notkun öryggishnapps fyrir alla dagforeldra, að hafa hvata til þess að tveir dagforeldrar vinni saman og að dagforeldrar hafi færri börn. Ein af ástæðunum fyrir því að dagforeldrar hafi færri börn er sú að börnin eru svo ung. Það ætti að borga meira fyrir litlu börnin og hafa meira rými fyrir þau. Þetta mun ýta undir meiri starfsgleði hjá dagforeldrum, sbr. leikskóla sem hafa verið að koma mjög vel út úr ytra mati.
3. SM fer yfir niðurgreiðslur í nágrannasveitarfélögunum og ber þær saman við þær niðurgreiðslur sem Reykjavík greiðir með hverju barni.

Reykjavík greiðir kr. 58.863,-

Hafnarfjörður - Niðurgreiðsla barna 9 mánaða til 15 mánaða er 64.088 kr. Við 15 mánaða aldur hækkar niðurgreiðslan í 89.552 miðað við 8 tíma. Ekki er greiddur aðstöðustyrkur en greitt að fullu fyrir námskeiðsgjaldið.

Garðabær - Um er að ræða eingreiðslu sem greidd er við leyfisveitingu. Bæjarstjórn ákveður fjárhæð hverju sinni að fenginni tillögu leikskólanefndar. Árið 2007 voru greiddar kr. 50.000 með hverju barni. Almenn niðurgreiðsla frá Garðabæ: Hámarksgjald hjá dagforeldrum samkvæmt

Þjónustusamningi: Fyrir 8 stunda vistun kr. 74.657 kr. Hámarksgreiðsla á niðurgreiðslu er kr. 113.122.

Kópavogur - niðurgreiðsla 63.485

2. AHA fór yfir dagforeldrakerfi á Norðurlöndunum. Mesta hrifningu meðal nefndarmanna hlaut finnska fyrirkomulagið og voru menn sammála um það að taka hana til fyrirmyndar, þ.e.a.s. taka það besta úr henni og mæla með henni í niðurstöðum starfshópsins. Við viljum miða við það besta fyrir börnin okkar.

**Norðmenn** eru með fæðingarorlof í eitt ár og svo tekur *barnahage* við frá 1-5 ára aldur. Biðlistar eru langir, erfitt að fá vistun og þarf stundum að keyra langt til að fá næsta leikskóla. Norðmenn líkt og svíar hafa opin leikskóla fyrir foreldri og barn til að eiga samveru saman en það fer eftir sveitafélögum. Áherslan fyrir þennan aldur er frjáls leikur, mikil útvera, félagsfærni og góðan aðbúnað fyrir börnin á meðan þau eru í dagvistun.

**Danir** bjóða upp á daggæslu á vegum sveitafélaganna fyrir 0-3ja ára (nursery), leikskóla fyrir 3-6 ára en einnig bjóða þeir upp á samninga við einka daggæslu í heimahúsi fyrir yngstu börnin (childminding). Foreldrar borga að mestu sjálfir fyrir daggæsluna en einnig koma sveitafélögin til móts við foreldra með greiðslur. Verðið er mismunandi á milli sveitafélaga og hvort daggæslan er inn á einkaheimilum eða á vegum sveitafélagsins.

Svíar bjóða upp á daggæslu/nursery barna frá 12 mánaða til 5 ára og sveitafélagið greiðir niðurgreiðslur og er það mismunandi eftir sveitafélögum. Mikil bið er eftir dagvistun fyrir barnið og er barninu raðað eftir því hvar er laust, barnið gæti fengið vistun í öðru hverfi langt frá heimilinu eða vinnu foreldranna. Tekið er inn í ágúst mánuði. Miðlæg skrifstofa heldur utan um allar skráningarnar, hvort sem vistunin er hjá sveitafélaginu eða einkaaðila. Mikið er um daggæslu í heimahúsum og einnig er boðið upp á millistigið þar sem tveir eða fleiri starfa saman með 6-10 börn og er þar um að ræða svipaða starfsemi og í leikskóla. Einnig bjóða Svíar foreldrum upp á opinn leikskóla en þar hittast foreldrar með börnum sínum og taka þátt í faglegu starfi skólans.

**Finnar** bjóða foreldrum og barni upp á nokkra valmöguleika, mest allra Norðurlandanna, þ.e. daggæslu frá sveitafélaginu, einkarekna daggæslu eða að foreldrar fái aðstoð heim. Einnig bjóða þeir upp á opna daggæslu þar sem foreldrar eru með börnunum sínum. Fæðingaorlof í Finnlandi eru 9 mánuðir, hægt er að sækja um styrk frá sveitafélaginu um að vera heim með barninu sínu til 3ja ára. Finnar horfa á daggæsluna sem fyrsta skólastig barnsins sem þýðir að þeir leggja mikið upp úr uppeldislegu gildi daggæslunnar, umönnuninni og að dagforeldri sé fyrst og fremst að styðja við þroska barnsins. Hvert sveitafélag kennir og þjálfar dagforeldra í þroska barna á aldrinum 9 mánaða til 5 ára. Fyrirkomulag dagvistunnar er þannig að ef báðir foreldrar vinna úti þá eiga þeir rétt á fullri dagvistun fyrir barnið. Ef annað foreldrið er heima þá fer það eftir reglum sveitafélagsins sem búið er í. Oftast eru það 20 klst á viku sem barnið á rétt á daggæslu, en hægt er að sækja um fleiri tíma ef þarfir barnsins og fjölskyldunnar kalla eftir því. Sveitarfélagið býður upp á daggæslu bara fyrir barnið eins og ungubarnaskóla þar sem 12-24 börn dvelja og 3-4 starfsmenn, en það fer eftir aldri barnanna hversu margir starfsmenn kenna þeim. Einnig býður sveitafélagið upp á daggæslu fyrir færri börn en bara 2-3 dagforeldrar starfa saman



með fjögur börn hvert. Sveitafélagið býður einnig upp á að foreldri fái einhvern heim til að gæta barnsins og greiðir sveitafélagið niður það gjald.

#### 4. Önnur mál

Rætt um starfsmenntunarsjóð fyrir dagforeldra. Hið opinbera og aðrir aðilar ættu að setja á fót starfsþróunarsjóð fyrir dagforeldra, skipuleggja námskeið sem tengist starfseminni og þannig hlúa að stéttinni. Gæti verið tillaga frá hópnum.

Þjálfun dagforeldra er mjög mikilvæg og nauðsynlegt að láta þýða efni sem tengist dagvistun í heimahúsum á ensku og pólsku.

Umræða um hvort matsaðilar komi tveir saman eða bara einn í heimsókn. Um er að ræða umbótamiðað mat og því ætti það ekki að vera nein ógnun fyrir dagforeldrana að það séu tveir matsaðilar.

Fram kemur hjá AHA að vilji sé fyrir hendi í Árbænum að skipuleggja dagvistun í heimahúsum í anda starfshópsins um *Blíða byrjun*. Borgarstjóri er mjög áhugasamur um þetta og heilsugæslan er tilbúin. Vantar bara að fá fólk á þjónustumiðstöð í þetta verkefni. Daggæslufulltrúi er eingöngu 50% starfshlutfalli á þjónustumiðstöðinni og því þyrfti að greiða aukalega fyrir þetta verkefni.

Mikilvægt að styðja við daggæslufulltrúana þannig að þeir nýtist vel í stuðningi sínum og ráðgjöf við dagforeldra. Erfitt að ná í þær - ekki nóg að vera með 50% starfshlutfall.

Helstu kröfur:

Hækka niðurgreiðslu

Bæta ímynd dagforeldra

Vera með virkt gæðaeftirlit

Miðlægt innritunarkerfi - byrja t.d. í Miðborg/Hlíðar

RRS sagði frá fundi í samtökum foreldra leikskólabarna sem haldinn var í Vogaskóla þar sem rætt var um dagforeldramálin, leikskólamálin og foreldrasamstarfið. Einnig rætt um mörg sömu atriði og starfshópurinn hefur verið inn á, s.s. miðlæga innritun hjá dagforeldrum, um notkun öryggishnapps og að kostnaður sem leggst á foreldra sé of hár og því ekki eins góður valkostur fyrir þá og pláss í leikskóla.

Fram kom á fundinum að það sé vilji til þess að foreldrafélagið þjóni einnig foreldrum sem eru með börn hjá dagforeldrum. Það sé erfitt að vera með virkt foreldrafélag vegna barna hjá dagforeldrum þar sem börnin er svo stuttan tíma í dagvistun hjá þeim.

### 7. fundur haldinn í Norðurkoti 12. apríl

Mættir: Þórlaug Ágústadóttir (ÞÁ); Sigríður Marteinsdóttir (SM); Guðný Ólafsdóttir (GÓ); Arna Hrönn Aradóttir (AHA); Halldóra Björk Þórarinsdóttir (HBP); Rákel Rán Sigurbjörnsdóttir (RRS); Elín Norðmann (EN) og Steinunn Hjartardóttir sem ritaði fundargerð.

#### Þetta gerðist :

1. Farið yfir drög að skýrslu starfshópsins.
2. Farið sérstaklega yfir kostnaðarmat á þeim tillögum sem lagðar verða fram.

Næsti fundur verður haldinn þegar skýrslan er tilbúin.

### **8. fundur haldinn í Norðurkoti 3. maí**

Mættir: Sigríður Marteinsdóttir (SM); Halldóra Björk Þórarinsdóttir (HBP) ; Hraefna Sif Garðarsdóttir staðgengill Guðnýjar Ólafsdóttur (gÓ); Kjartan Magnússon (KM); Elín Norðmann (EN) og Steinunn Hjartardóttir sem ritaði fundargerð.

#### **Þetta gerðist :**

1. Farið yfir lokadrög að skýrslu starfshópsins með áherslu á tillögurnar.
2. Skýrslan verður kynnt framkvæmdastjórn SFS áður en hún verður lögð fyrir skóla- og frístundaráð í þessum mánuði.

Boðið var upp á köku með kaffinu í tilefni þess að þetta væri síðasti fundir starfshópsins og þökkuðu fundarmenn hver öðrum fyrir samstarfið.

### **9. fundur haldinn í Norðurkoti 15. júní – Aukafundur**

Mættir: Þórlaug B. Ágústsdóttir (PB); Sigríður Marteinsdóttir (SM); Halldóra Björk Þórarinsdóttir (HBP) ; Guðný Ólafsdóttir (GÓ); Kjartan Magnússon (KM); Elín Norðmann (EN) og Steinunn Hjartardóttir (SHj) sem ritaði fundargerð.

#### **Þetta gerðist:**

1. Farið yfir helstu athugasemdir og breytingartillögur í skýrslu sem borist hafa frá kjörnum fulltrúum, embættismönnum á skrifstofu SFS og fulltrúum í starfshópnum